



MENNING Háfríðarhöld voru víða um land í tilefni af sjómannadeginum. **20**



LÍFIÐ Tinna Rós gerir litríka popplíst þar sem kleinuhringir koma við sögu. **22**



SPORT Mikil ánægja með Smáþjóðaleikana þar sem allt gekk upp. **26**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!
Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

8. júní 2015
132. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Meirihlutinn á móti afglæpavæðingu fíkniefnaneyslu

Helmingur fólks á aldrinum 18 til 29 ára hefur einhvern tímann notað hass eða maríjuana. **10**

Áherslan á gerendur Aðsókn hjá Stígamótum hefur aukist eftir flóðbylgju uppljóstrana um kynferðisofbeldi á Facebook. **2**

Hálf milljón bíður Meira en þúsund flóttamönnum var bjargað um borð í breskt herskip á Miðjarðarhafi í gær og voru þeir fluttir í land á Ítalíu. **4**

Eykon fær ókeypiss höfn Samkomulag er um að Eykon Energy fái aðgang að Mjóeyrarhöfn án endurgjalds. **6**

Fleiri gagnrýna ritgerð Stiginn er fram maður sem telur að notast hafi verið við hugmyndir hans í óleyfi í lokaritgerð viðskiptafræðinema við HÍ. **8**

Enn er þrýst á Pútín Forseti Rússlands er enn hafður út undan þegar leiðtogar nokkurra helstu iðnríkja heims hittast til að ræða heimsmálin. **8**



2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



53,3%

FBL

18%

MBL

YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalbestur kvemma á tölublað, 18-49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.-mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

Ískalt haf og enginn makrill

Hitastig sjávar við Ísland hefur ekki verið lægra síðan 1997, samkvæmt mælingum Hafrannsóknastofnunar. Áta er undir meðallagi. Humarbátar fá engan makríl. Hlýtur að vekja ónot hjá þeim sem treysta á aflann.

SJÁVARÚTVEGUR „Ekki einn einasta. Við höfum undanfarin ár alltaf fengið eitthvað af makríl og sérstaklega í fyrra. En hann sást ekki núna,“ segir Guðmundur J. Óskarsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun. Hann er nýkominn úr vorleiðangri stofnunarinnar þar sem rannsóknir sýndu að hitastig sjávar fyrir sunnan og vestan landið hefur ekki mælst lægra í 18 ár – eða síðan 1997. Átumagn í yfirborðslögum við landið var um eða undir langtímaeðaltali.

Árlegur vorleiðangur Hafrannsóknastofnunar stóð frá 18. til 30.

maí síðastliðins. Farið var á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni, en leiðangurinn er liður í langtímaþróttun á ástandi sjávar, næringarefnum, gróðri og átu á hafsvæðinu við Ísland. Athuganir voru gerðar á um 110 rannsóknastöðvum umhverfis landið, bæði á landgrunninu og utan þess.

Guðmundur segir að lækkan hita í efri lögum sjávar frá Suðausturlandi og vestur um fyrir Vestfirði nemi einni til einni og hálfri gráðu. Það geti hins vegar breyst fljótt að yfirborðssjórin hitni þegar tekur að hlýna að ráði.

„En þetta er miklu kaldari sjór, sérstaklega hérna sunnan við landið. Við sjáum meiri sveiflur fyrir norðan,“ segir Guðmundur og bendir á að enginn makrill hafi sést í afla humarbáta lengst af vertíðar í maí, svo hann viti til.

Á Vestur, Norður- og Austurmiðum var átumagn undir meðallagi, en nálægt meðallagi fyrir sunnan, sýna niðurstöður leiðangursins, en helstu ástæður makrílgengdar við Ísland eru taldar hlýnandi sjór og næg áta. Önnur kenning er þó að stofnstærðin ráði mestu um.

Hvert forspárgildi þessara nið-

20 milljarðar króna hefur verið útflutningsverðmæti makrílafurða um árabíl.

urstaðna er segist Guðmundur ekkert vilja velja fyrir sér. „Kannski er makrillinn einfaldlega seinna á ferðinni og gýs upp þegar hlýnar, en tekur undir að því hljóti að fylgja ónotatilfinning hjá hagsmunaaðilum að ekkert bólar enn á makrílnum – í ljósi þeirra gríðarlegu hagsmuna sem eru undir. -sh



KVÖLDFUNDUR Á SJÓMANNADEGI Boðað var til þingfundur klukkan tíu í gærkvöldi en þar voru samþykktar í flýti breytingar á lögum um gjaldeyrishöft. Það tók þingfundinn ekki nema 44 mínútur að samþykkja breytingarnar en forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa boðað til blaðamannafundar í hádeginu í dag til að kynna afnám haftanna. **FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN**

Höftin hert tímabundið til að koma í veg fyrir útstreymi fjármagns:

Leki um höft kallaði á viðbrögð

EFNAHAGSMÁL Frumvarp efnahags- og viðskipta-nefndar um breytingar á lögum um gjaldeyrishöft var samþykkt í snarhasti í gærkvöldi á Alþingi. Nefndin lagði frumvarpið fram í gær og var það afgreitt í þremur umræðum. Frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir að hægt sé að koma fjármunum úr landi áður en frumvarp ríkisstjórnarinnar um 40 prósentu stöðugleikaskatt verður að lögum.

Flýtirinn skýrist af því að nauðsynlegt var að breyta lögnum áður en markaðir voru opnaðir í dag.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að fréttir sem bárust á föstudag um efni frumvarpa fjármála-

ráðherra um afnám hafta hafi kallað á þennan flýti. Fréttirnar hafi komið fjármálaráðherra í opna skjöldu og lekinn vakið litla hrifningu í Sjálfstæðisflokknum.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, sagði í gær að Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefði sérstaklega tiltekið á fundi þingnefndarinnar að leki til DV hefði skapað þrýsting og gert lagasetninguna í gær nauðsynlega.

Seðlabankinn fór í gær fram á fram á það við nefndina að þessar breytingar yrðu gerðar, „ekki síðar en fyrir opnun skrifstofu Seðlabankans á morgun [í dag]“. - kóp / sjá síðu 4



GAMLA SKIPANIN Hljómsveitin GCD árið 1993. **FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN**

Gamlir GCD-liðar ósáttir:

Bubbi einn í endurkomu

LÍFIÐ Á væntanlegum tónleikum hinnar goðsagnakenndu rokk-sveitar GCD sem haldnir eru til heiðurs Rúnari Júlíussyni sem lést þann 5. desember árið 2008 er það aðeins Bubbi Morthens sem kemur fram af upprunalegum meðlimum sveitarinnar.


Sveitin var stofnuð vorið 1991 af þeim Bubba og Rúnari en aðrir meðlimir voru þeir Gunnlaugur Briem og Bergþór Morthens.

„Þessir tónleikar eru bara eitthvað annað. Bubbi ásamt góðum hljóðfæraleikurum að leika lög GCD en þetta er ekki GCD frekar en Rolling Stones án Keith og Charlie,“ segir Gulli sem lék á trommur með GCD. - gló / sjá síðu 30

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg

Actavis

VEÐUR



Vinda- og vætusamt Hvasst verður á norðanverðu Snæfellsnesi og Vestfjörðum og stormur á miðhálandinu. Rigning víða. Hiti 8 til 14 stig norðaustanlands, en svaltara annars staðar.

SJÁ SÍÐU 18

Orkuafhending miðast við haustið 2017 og undirbúningur framkvæmda er kominn á fullan skrið: Framkvæmdin upp á 6,5 milljarða króna

ORKUMÁL „Þetta er fyrsta stóra línulagnarverkefnið í mjög mörg ár,“ segir Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, um samning Landsnets og PCC Bakki Silicon um flutning raforku til fyrirhugaðs kísilveris á Bakka við Húsavík. Í fréttatilkynningu frá Landsneti í gær var greint frá því að öllum fyrirvörum vegna samningsins hefði verið aflétt af hálfu stjórnenda PCC og stjórnar Landsnets. „Fjármögnun er meðal þeirra fyr-

irvara sem hefur verið aflétt,“ segir Guðmundur. Undirbúningur framkvæmda sé kominn á fullan skrið. Samkvæmt samningnum skal Landsnet tryggja orkuflutning til kísilveris PCC frá meginflutningskerfinu og þeim framleiðslueiningum sem tryggja kísilverinu raforku. Áætluð aflþörf fyrsta áfanga verksmiðjunnar er 52 megavött og er miðað við að orkuafhending hefjist í nóvember 2017. „Þetta er stór og flókin framkvæmd og við höfum verið í rannsóknarvinnu og í undir-

búningi í mörg ár. Nú er hönnun- arvinnan í gangi og framkvæmdir verða næstu tvö árin,“ segir Guðmundur. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er 6,5 milljarðar króna. „Þessi kostnaður á bæði við um tengingu iðnaðarsvæðisins á Bakka við Þeistareykjavirkjun og tengingu virkjunarinnar við meginflutningskerfi Landsnets. Auk þess er kostnaður vegna tenginga PCC á Bakka sem Landsnet annast með í þessari tölu.“ - ngy



FYRIRVÖRUM AFLÉTT Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri Landsnets á milli Dietmar Kessler og Peter Wenzel frá PCC. MYND/LANDNET



GRIPU TIL BAREFLA Íbúar í Tixtla leggja til atlögu við námsmenn sem reyndu að koma í veg fyrir að kosið yrði í skóla þeirra. NORDICPHOTOS/AFP

Pingkosningar voru haldnar í Mexíkó í gær: Fjöldi fólks mótmælti kosningum

MEXÍKÓ Víða í sunnanverðu Mexíkó kom til átaka í gær þegar hópar róttækra kennara og námsmanna reyndu að koma í veg fyrir framkvæmd kosninga. Kosið var til neðri deildar þjóðþingsins, en einnig var kosið til ríkisþings í sautján af 31 sambandsríki landsins og enn fremur voru níu ríkisstjórnir kosnir. Enrique Pena Nieto forseti á mikið í húfi í þessum kosningum, þótt ekki sé hann sjálfur í kjöri, en hann hefur verið forseti í þrjú ár. - gb

Eru taldir mjög hættulegir: Morðingjum tókst að flýja

BANDARÍKIN Tveimur dæmdu morðingjum tókst að flýja öryggisfangelsi í New York-fylki í Bandaríkjunum um helgina. Þeir skáru gat á vegg og skriðu út um skolgöng, segir í The Guardian. Um 200 lögreglumenn taka þátt í leitinni að föngunum. Annar þeirra var dæmdur í 25 ára fangelsi en hinn í lífstíðarfangelsi. „Þessi flótti er ótrúlegur,“ sagði Andrew Cuomo, fylkisstjóri í New York, en þetta er í fyrsta sinn sem flótti tekst frá fangelsinu síðan það var byggt árið 1865. - ngy

Hægt að hefja uppbyggingu: Virkjun ekki í umhverfismat

SKIPULAGSMÁL Skipulagsstofnun hefur gefið það út að endurbygging Gönguskaróðsárvirkjunar við Sauðárkrók í Skagafirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum og því er hægt að hefjast handa við uppbygginguna án þess að fara í gegnum það ferli. Samt sem áður biður Skipulagsstofnun framkvæmdaáðila að búa svo um hnútana að umhverfi og náttúru sé sem minnst raskað á framkvæmdatíma og sem minnst óafturkræf áhrif verði af framkvæmdunum. - sa

Leggja þarf áherslu á gerendur ofbeldis

Aðsókn hjá Stígamótum hefur aukist eftir holskeflu uppljóstrana um kynferðisbrotamál á samfélagsmiðlum. Algengt er að beiðnum um aðstoð fjölgi í kjölfar mikillar fjölmiðlaumræðu. Lögreglufulltrúi segir að enn sé of mikið um þöggun.

SAKAMÁL „Við höfum tekið eftir mikilli aukningu í beiðnum um aðstoð hjá okkur eftir þessa umræðu,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. Undanfarna daga hefur stóruaukist umræða á samfélagsmiðlum undir myllumerkjunum #þöggun og #konurtala. Umræðan átti upphaf sitt í Facebook-hópnum „Beauty tips“ þar sem fjöldi kvenna greinir frá því að þær hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi. Sögurnar eru af ýmsum toga og fjölmargar sem þykir gefa til kynna hversu falíð vandamálið sé. Guðrún segir að sjálfspottnar aðgerðir á borð við þessar séu tákni um að konur uni ekki ríkjandi ástandi. „Mér finnst þetta vitnisburður um það að samfélagið hefur ekki brugðist við á ásettannlegan hátt. Samfélagið er vanbúið til að taka rétt á þessu og það er ljóst að réttarkerfið virkar ekki.“



STÍGAMÓT Þegar fólk stígur fram með reynslu sína af kynferðisofbeldi eykst vanalega aðsókn hjá Stígamótum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR



KRISTJÁN INGI KRISTJÁNSSON

Guðrún segir að þegar umræðan fari af stað í fjölmiðlum séu almennt fleiri sem sækja aðstoð til Stígamóta. „Þetta er oftast meginreglan. Í Karls Vignismálinu varð til dæmis sprenging í aðsókn en í því fólst ákveðin viðurkenning á vandamálinu.“ Umræða á borð við þá sem nú fer hátt á samfélagsmiðlum hvetur konur til að koma fram í dagsljósi með reynslusögur sínar. Guðrún er þeirrar skoðunar að það sé ekki nóg heldur þurfi að leggja áherslu á gerendurna. „Ennþá eru konur sem eru að lýsa upplifun sinni en þeir sem beita ofbeldi eru ekki á dagskrá. Ég held að það sé tímarspursmál

brot koma yfirleitt í sveiflum og þá gjarnan eftir skemmtanálífið um helgar,“ segir hann. Kristján tekur undir það að mikil þöggun eigi sér stað um kynferðisbrotamál. „Ekki spurning. Það er gríðarleg þöggun um þessi mál þannig að umræðan er af hinu góða,“ segir hann. „Það eru til ýmsir hópar á netinu þar sem þetta er til umræðu og það er auðvitað gott mál. Við höfum líka oft tekið eftir aukningu í kringum átak eins og Blátt áfram eða þegar skólahjúkrunarfræðingar fjalla um málin. Þá er mikilvægt að hafa kerfi til að taka á móti fólki. Við hvetjum alla til að hafa samband við lögregluna ef grunur leikur á broti.“ stefanrafna@frettabladid.is

Frá kr. **82.900** m/morgunmat

SÉRTILBOÐ

12. júní í 7 nætur

Salou

Oasis Park

Netverð á mann frá kr. 82.900 m.v.2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v.2 fullorðna í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Réttlætis- og þróunarflokkurinn náði ekki auknum meirihluta í Tyrklandi: Nær ekki að breyta stjórnskipan

TYRKLAND Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseta varð ekki að ósk sinni í þingkosningunum í gær, þar sem stjórnarflokkur hans nær ekki auknum meirihluta. Hann hefði þurft tvo af hverjum þremur þingmönnum til að geta breytt stjórnskipan landsins án aðkomu annarra flokka. Erdogan hafði vonast til þess að geta gert Tyrkland að forsetaræðisríki með svipuðum hætti og Bandaríkin og Frakkland. Útkoman úr kosningunum varð hins vegar sú, samkvæmt fyrstu tölum, að Réttlætis- og þróunarflokkurinn náði ekki einu sinni hreinum þingmeirihluta og þarf því að ganga til samstarfs við aðra flokka. Flokkurinn fékk rúmlega 41 prósent atkvæða en Lýðveldisflokkurinn, sem er helsti stjórnarandstöðuflokkurinn, hlaut rúmlega 25 prósent. Kosningarnar mörkuðu einnig tímamót að því leyti að flokkur Kúrda náði í fyrsta sinn mönnum á þing. Flokkurinn hafði reyndar 29 fulltrúa á síðasta þingi, en þeir buðu sig ekki fram í nafni flokksins heldur sem óháðir frambjóðendur. Flokkurinn tók ákvörðun um að bjóða fram lista fyrir þessar kosningar, sem var ákveðin áhætta því hann þurfti að ná tíu prósentum lágmarki til að ná manni á þing. - gb



ERDOGAN Á KJÖRSTAÐ Nokkrar konur fengu leyfi til að láta taka myndir af sér með forsetanum. NORDICPHOTOS/AFP



Tilboð: 3.550.000 kr.

Ford Kuga Titanium S PGH11
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 101.000 km.
Ásett verð: 3.990.000 kr.



Verð: 850.000 kr.

Citroën C3 SX YZP88
Skráður febrúar 2008, 1,6i bensín, beinskíptur.
Ekinn 120.000 km.



Verð: 2.390.000 kr.

Ciroen Nemo Fourgon Van BHM78
Skráður desember 2014, 1,3TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 2.700 km. *í ábyrgð*



Tilboð: 1.890.000 kr.

Citroën C4 Comfort NIU78
Skráður mars 2013, 1,6TDCi dísil, beinskíptur.
Ekinn 82.000 km.
Ásett verð: 2.090.000 kr.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



Verð: 3.890.000 kr.

Honda CR-V SUF36
Skráður nóvember 2010, 2,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 86.000 km.



Tilboð: 2.390.000 kr.

Renault Megane II Berline FYM75
Skráður mars 2012, 1,5TDi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 56.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.



Tilboð: 2.290.000 kr.

Subaru Forester Lux NJT71
Skráður júní 2009, 2,0i, bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 134.000 km
Ásett verð: 2.450.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN

Skoðaðu fleiri dæmi hér!

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



Tilboð: 1.050.000 kr.

Ford Focus Trend NN019
Skráður október 2006, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 129.200 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.



Verð: 1.190.000 kr.

Peugeot 107 Cool SJX04
Skráður júlí 2011, 1,0i bensín, beinskíptur.
Ekinn 67.500 km.



Tilboð: 3.390.000 kr.

Ford Escape Limited AWD AYX84
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 99.900 km.
Ásett verð: 3.590.000 kr.



Tilboð: 2.790.000 kr.

Volkswagen Passat Metan UGD66
Skráður júlí 2012, 1,4i bensín/metan, sjálfskiptur.
Ekinn 74.000 km.
Ásett verð: 3.190.000 kr.



Tilboð: 2.490.000 kr.

Toyota Yaris Hybrid MMS90
Skráður janúar 2013, 1,5i hybrid, sjálfskiptur.
Ekinn 27.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr. *í ábyrgð*



Tilboð: 1.750.000 kr.

Nissan Micra Visia OXS12
Skráður júní 2012, 1,2i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 43.100 km.
Ásett verð: 1.890.000 kr.



Tilboð: 7.990.000 kr.

Volvo XC90 Momentum D5 AWD EYG10
Skráður apríl 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 72.000 km.
Ásett verð: 8.290.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
 Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílar fara beint á Facebook!

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Öruggur staður til að vera á

SPURNING DAGSINS



Er landsbyggðin að syngja sitt síðasta, Sigríður?

„Landsbyggðin er alls ekki að syngja sitt síðasta, við þurfum bara að syngja aðeins hærra.“

Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar, hefur þungar áhyggjur af hugmyndum menntamálaráðherra um breytingar á fjármögnun og skipulagi tónlistarnáms á framhaldsstigi.

Hálf milljón flóttamanna talin bíða í Líbíu eftir fari yfir Miðjarðarhafið: Þúsund manns bjargað í land

ÍTALÍA Meira en þúsund flóttamönnum var bjargað um borð í breskt herskip á Miðjarðarhafinu í gær. Flóttamennirnir voru svo fluttir í land á Ítalíu.

Alls er talið að um hálf milljón flóttamanna bíði nú í Líbíu eftir fari yfir Miðjarðarhafið. Það sem af er þessu ári hafa nærri hundrað þúsund flóttamenn komið til Grikklands og Ítalíu.

Nú um helgina komst fjöldi þeirra, sem náð hafa til Ítalíu, upp í fimmtíu þúsund en litlu færri hafa

komist til Grikklands. Fólkíð vonast eftir því að fá hæli í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Flestir koma frá Sírylandi og Eritreu.

Meðal þeirra, sem bjargað var í gær, var þunguð kona sem var komin fast að barnsburði.

Evrópusambandið býr sig nú undir hernaðaraðgerðir gegn smyglurum í Líbíu, sem sent hafa flóttamenn yfir hafið á yfirfullum en ótraustum fleytum. Fólkíð hefur greitt smyglurunum hundruð þúsunda fyrir farið yfir hafið. -gb



KOMIÐ TIL SIKILEYJAR Um þúsund manns var bjargað af bátum í Miðjarðarhafinu í gær.

Refsing bloggara staðfest: Hýddur fyrir meint guðlast

SÁDI-ARABÍA Hæstiréttur Sádi-Arabíu hefur staðfest refsingu yfir bloggaraman Raif Badawi sem dæmdur var á neðra dómstigi til að þola þúsund svipuhögg og sæta tíu ára fangelsi fyrir að hæðast að íslam í blogg færslum sínum.

Ensaf Haidar, eiginkona Badawis, segir í samtali við BBC að ákvörðunin sé endanleg. Árið 2012 var Badawi handtekinn og ákærður fyrir að halda úti heimasíðu sem hvatti fólk til umræðu um trúmál og pólitísk málefni. -ngy

Sendu viðbótarumsögn:

Breyting á við nýtt frumvarp

SAMGÖNGUMÁL Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis viðbótarumsögn við nefndarálit og breytingartillögu meirihluta nefndarinnar um að ríkið taki yfir skipulagsvald yfir Akureyrarflugvelli, Egilsstaðaflugvelli og Reykjavíkflugvelli.

Telur sambandið breytingartillögur nefndarinnar svo umfangsmiklar að það feli í sér framlagningu nýs frumvarps. Það bæti ekki gallað frumvarp að ríkið sölsi ekki aðeins undir sig skipulagsvald eins flugvallarheldur verði tveimur flugvöllum bætt inn í frumvarpið í meðförum nefndarinnar. -sa

Hamas sett í annan flokk:

Eru ekki hryðjuverkasamtök

EGYPTALAND Áfrýjunardómstóll í Kaíró í Egyptalandi kvað upp dóm þess efnis að Hamas-samtökin ættu ekki lengur að vera flokkuð sem hryðjuverkasamtök í augum egyptskra stjórnvalda.

Dómurinn var kveðinn upp um helgina, að því er fram kemur í umfjöllun bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar CNN.

Hamas eru palestínsk stjórnmalasamtök sem hafa barist gegn hersetu Ísraelsmanna á landsvæðum Palestínnumanna. Samtökin eru víða flokkuð sem hryðjuverkasamtök. -ngy

ATVINNULÍF

Ein hópuppsögn í maí

Vinnuálagstofnun barst ein tilkynning um hópuppsögn í síðasta mánuði, að því er fram kemur á vef stofnunarinnar. Í því tilvikum var 16 manns sagt upp störfum hjá fyrirtæki í mannvirkjastarfsemi.

Gjaldeyrishöftin hert í bili

Alþingi samþykkti í gærkvöldi breytingar á lögum um gjaldeyrishöft. Fyrirbyggjandi aðgerð til að koma í veg fyrir peningaústreymi áður en afnám hafta hefst. Leki um innihald haftafrumvarpa kallaði á skjót viðbrögð.

EFNAHAGSMÁL Alþingi var kallað saman klukkan 22 í gærkvöldi til að samþykkja í flýti frumvarp efnahags- og viðskiptanefndar um breytingar á lögum um gjaldeyrishöft. Frumvarpið er fyrirbyggjandi aðgerð og er ætlað að koma í veg fyrir að hægt sé að koma fjármunum úr landi á svig við lög um gjaldeyrishöft áður en frumvarp fjármálaráðherra um 40 prósentastöðugleikaskatt verður að lögum. Þau verða kynnt í dag.

Því var nauðsynlegt að samþykkja löginn fyrir opnun markaða í dag. Seðlabanki Íslands kom að máli við stjórnvöld og óskaði eftir því að lögnum yrði breytt ekki síðar en fyrir opnun skrifstofu Seðlabankans í dag.

Mikilvægasta ákvæðið í lögnum kveður á um breytingar á heimildum vegna samstæðulána og ábyrgða innan samstæðu, eða eins og segir í lögnum:

„Nauðsynlegt þykir eigi að síður að sporna við þeim möguleika að aðilar innan samstæðna geti komist yfir erlendan gjaldeyri með lántökum og lánveitingum sín á milli til skamms tíma. Með því að taka lán í erlendum gjaldeyri frá öðru félagi innan sömu samstæðu, og selja innlendu fjármálafyrirtæki innlendan gjaldeyri fyrir erlendan til endurgreiðslu lánsins, getur félag sniðgengið almennt bann við gjaldeyrsviðskiptum.“

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, sagði í gær eftir fund nefndarinnar að með frumvarpinu væri verið að varðveita þann stöðugleika sem hefði náðst.

„Markmiðið er að sporna við mögulegri sniðgöngu á höftum. Þrátt fyrir það höfum við ekki áhyggjur af sniðgöngu.“

kolbeinn@frettabladid.is
stefanarfn@frettabladid.is



Á ALÞINGI Í GÆRQVÖLDI Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, mælir fyrir breytingu á lögum um gjaldeyrishöft. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Seðlabankinn tilgreindi sérstaklega sem ástæðu fyrir nauðsyn þessarar lagasetningar í kvöld eða nótt leka í Dagblaðið Vísi, DV.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður VG

Seðlabankinn nefndi leka til DV

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að mikil óánægja sé innan Sjálfstæðisflokksins með að efni frumvarpanna um afnám haftanna hafi lekið út fyrir helgi. Það hafi ekki síst verið þær fréttir sem urðu til þess að bregðast þurfti skjótt við fyrir opnun markaða.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, sagði á Alþingi í gær að Seðlabankinn hefði tiltekið það sérstaklega í rökstuðningi sínum fyrir breytingunum.

„Seðlabankinn tilgreindi sérstaklega sem ástæðu fyrir nauðsyn þessarar lagasetningar í kvöld eða nótt leka í Dagblaðið Vísi, DV, sem varð á föstudaginn var.“

Steingrímur ítrekaði þetta eftir að Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hafði spurt hann út í málið, að Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefði sagt lekann til DV hafa skapað þrýsting á markaði.

Svartur reykur lá frá bálinu og var fólk beðið að halda sig frá því:

Mikill eldur braust út á Selfossi

BRUNI Eldur logaði á plani við plastsmíðjuna Set á Selfossi í gærkvöldi. Allt tiltækt slökkvilið frá Selfossi í gærkvöldi. Hveragerði var kallað út til að ráða niðurlögum hans sem tókst um áttaleytið.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sendi einnig mikinn mannafla á staðinn, en óttast var að sprengihætta gæti orðið á svæðinu.

Slökkvistarfi lauk um níuleytið í gær, að sögn Kristjáns Einarssonar, slökkviliðsstjóra hjá Brunavörnum Árborgar. Hann sagði töluvert tjón hafa hlotist af eldinum og mikla framleiðslu hafa orðið eldinum að bráð. Engin slys urðu á fólki.

Vitni sáu ungmenni hlaupa frá svæðinu rétt áður en eldurinn kviknaði og leikur grunur á að um íkveikju hafi verið að ræða.

Mikill svartur reykur lá frá bálinu og var fólk því gert að halda sig frá því. Þá var opnuð fjöldahjálparstöð í Vallaskóla og voru nokkrar gótur rýmdar vegna eitraðs reyks sem lagði frá eldinum. Þeir sem þurftu að yfirgefa heimili fengu að snúa aftur heim í gærkvöldi. -ngy



SKÍÐLOGAR Slys urðu ekki á fólki en nokkuð rask þegar eitraðan reyk lagði frá athafnasvæði röraverksmiðjunnar Sets á Selfossi í gærkvöldi. Grunur leikur á að kveikt hafi verið í rusli, en eldur barst í rorastæðu. MYND/PÉTUR AÐALSTEINSSON

FYRIRTÆKI TIL SÖLU

Kaffi- og veitingahús í 101 Reykjavík
Frábær staðsetning. Vandaður staður og góð velta. Verð 25 m.

Veitingahúsið Höllin Ólafsfirði
Frábært tækifæri á landsbyggðinni. Verð 30 m. með fasteign.

Rótgróin hverfissjoppa
Sami eigandi í 22 ár. Miklir möguleikar. Verð 12,5 m.

Töf tiskuverslun á Laugavegi
Vandaðar vörur og óflug netverslun. Nánari uppl. á skrifstofu.

Vinsæl 30 ára saumastofa og búningaleiga
Fastir viðskiptavinir og góð verkefni á frábærum stað. Verð 20 m.

Veitingahús með langa rekstrarsögu
Góð staðsetning miðsvæðis í fjölmennu fyrirtækjauhverfi. Tilboð.

Fyrirtækjasalan
SÚÐURVER

1987-2015 | Lækjartorgi 5

516-0000 | fyrirtaeki.is | fyrirtaeki@fyrirtaeki.is

Guðrún Halldóttir, hl. og löggiltur fyrirtækjasali

Viltu vinna miða á landsleikinn?

N1 gefur heppnum korthöfum 100 miða á landsleikinn Ísland – Tékkland 12. júní. N1-korthafar sem kaupa eldsneyti hjá N1 í dag komast í pottinn. Nöfn vinningshafa birtast á n1.is



N1 er bakhjarl KSI



Skannaðu Snapchat táknið og þú ert orðinn vinur „LANDSLEIKURINN“ á Snapchat

Hluti af sterkri liðsheild



VEISTU SVARID?



1. Hvað notar Ragnhildur Gísladóttir sem hljóðfæri á nýrri plötu?
2. Hvaða landsþekktu tónlistarmenn opnuðu Norðurla á fimmtudaginn?
3. Hvað heitir franska gólettan sem er til sýnis við Reykjavíkurhöfn?

SVÖR
Halladóttir 3. Etoile
1. Tónfría 2. Bubbi Morthens og Björgvin

Samtök atvinnulífsins slitu kjaraviðræðum við Félag vélstjóra og málmæknimanna um helgina:

Félag vélstjóra og málmæknimanna í verkfall

KJARAMÁL „Staðan er mjög alvarleg og VM getur ekki tekið þátt í að fara þá leið sem samið hefur verið um,“ segir Guðmundur Ragnarsson, formaður Félags vélstjóra og málmæknimanna, í ljósi þess að Samtök atvinnulífsins slitu kjaraviðræðum við félagið um helgina.

Niðurstöður viðræðna við Samtök atvinnulífsins voru lagðar fyrir samninganefnd Félags vélstjóra og málmæknimanna, sem hafnaði þeim hugmyndum að

kjarasamningi. Var niðurstaðan kynnt samninganefnd Samtaka atvinnulífsins sem í kjölfarið ákvað að slíta viðræðum við félagið.

Guðmundur segir að verði ekki samið fyrir 10. júní taki boðaðar verkfallsaðgerðir gildi, enda hafi mikill meirihluti þeirra sem greiddu atkvæði verið fylgjandi slíkum aðgerðum til að knýja fram bætt kjör. „Meðal þeirra sem færu í verkfall eru vélsmíðurnar sem þjónusta stóriðjuna



GUÐMUNDUR RAGNARSSON

segir Guðmundur sem telur að verkfallið muni hafa mikil áhrif í samfélaginu. „Ef eitthvert skip

og útgerðina. Þá færi Marel og fleiri minni framleiðslufyrirtæki í málmíðnaðinum í verkfall. Einnig þeir sem þjónusta frystikerfi og kæla og frystihúsin,“

bilar til dæmis mun því ekki verða sinnt.“

Þá hefur boðuð verkfallsaðgerðum iðnaðarmanna verið slegið á frest og hefur verið ákveðið að reyna að semja fyrir 12. júní. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu Samiðnar, Grafú og Félags hársnyrtisveina. Samninganefndir þessara félaga og sambanda og Samtaka atvinnulífsins eru sammála um frestun.

- ngy

Píratar í Reykjavík breyta:

Manni skipt út í varastjórninni

SVEITARSTJÓRNARMÁL Sævar Óli Helgason, varamaður Pírata í stjórn Faxaflóahafna, tekur ekki sæti í nefninni þegar í hana verður kosið á ný 16. þessa mánaðar. Þetta kemur fram í yfirlýsingu Halldórs Auðar Svanssonar, oddviti Pírata í Reykjavík, í gær.



HALLDÓR AUÐAR SVANSSON

Sævar Óli sætir ákæru fyrir að hafa hótta lögreglumanni og móður hans í júlí í fyrra. Þá hefur hann áður hlotið dóma vegna ofbeldis. „Það er mat mitt, sem ber endanlega ábyrgð á trúnaðarstöðum Pírata innan borgarinnar, að málið kalli á að rétt og eðlilegt sé að önnur manneskja komi í hans stað í þessa stöðu,“ segir Halldór. „Að eiga sér fortíð og að hafa tekið út refsingar er eitt en kærúmal í nútíð er annað,“ bætir Halldór við.

- ngy

Jöfnuður eykst á landinu:

Jafnari tekju-dreifing en áður

SAMFÉLAGSMÁL Dreifing tekna er jafnari en áður. Þetta kemur fram nýbirtum í tölum Hagstofu Íslands. Árið 2014 dreifðust tekjur jafnar milli fólks hér á landi en áður hefur sést í lífskjararannsókn Hagstofunnar, sem fyrst var framkvæmd árið 2004.

Tekjuhæsti fimmtungurinn var með rúmlega þrisvar sinnum hærra tekjur en sá tekjulægsti en hæstur var stuðullinn 4,2 árið 2009. Tekjur dreifðust jafnast á Íslandi árið 2013 í allri Evrópu ef undan er skilinn Noregur. Færri búa við skort á Íslandi í dag og færri eru undir lágtekjumörkum en verið hefur áður.

- sa

Fjarðabyggð veitir Eykon aðgang að höfn án gjalds

Eykon Energy hefur valið Fjarðabyggð sem heimahöfn í komandi olíuleit. Engir samningar hafa verið undirritaðir en samkomulag er um að Eykon fái aðgang að Mjóeyrarhöfn án endurgjalds á meðan leit stendur yfir.

FJARÐABYGGÐ Olíuleitarfyrirtækið Eykon Energy hefur fengið vilyrði frá Fjarðabyggð um aðgang að hafnarmannvirkjum bæjarfélagsins við Mjóeyrarhöfn endurgjaldslaust meðan á rannsóknnum og tilraunaborunum stendur. Um talsverða fjármuni er að ræða hvað það varðar. Þetta staðfestir Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.



PÁLL BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Mjóeyrarhöfn var byggð í tengslum við álversframkvæmdir á Reyðarfirði og var að miklu leyti kostuð af ríkisfé í uppbyggingunni eystra. Hafnarsjóður er mjög stöndugur og á um 3,3 milljarða í eigin fé og hagnaður sjóðsins á síðasta ári var um 287 milljónir króna samkvæmt ársreikningi Fjarðabyggðar. Mestu er landað af súráli í Mjóeyrarhöfn og ál flutt út til vinnslu erlendis úr álveri Alcoa Fjarðáls sem staðsett er nálægt höfninni.

Pétur Ólafsson, hafnarstjóri Hafnasamlags Norðurlands, telur þetta ekki skapa aðstöðumun og að höfnin mismuni ekki þeim aðilum sem eiga í viðskiptum við fyrirtækið. „Viðskiptavinir Hafnasamlags Norðurlands njóta allir sömu kjara samkvæmt gjaldskrá hafnasamlagsins. Þegar við höfum gert tilboð í stærri verk höfum við notast við gjaldskrá hafnarinnar og fyrir stærri verk eins og Dynes höfum við reiknað með að sú framkvæmd sé framkvæmd af okkur enda ekkert fast í hendi með styrkveitingar.“

Eykon Energy hefur ákveðið að Fjarðabyggð verði heimahöfn fyrirtækisins í komandi leit og vinnslu olíu á Drekasvæðinu austur af Íslandi. Mannvit gerði á sínum tíma mat á fjölda staðsetninga og kom Fjarðabyggð best út í þeim samanburði fyrirtækisins. Helstu kostir við Fjarðabyggð voru taldir nálægð við olíumiðin austur af Íslandi og stuttur samgöngutími bæði í lofti og á legi til meginlands Evrópu.



REYÐARFIÖRÐUR Mjóeyrarhöfn sinnir mikilvægu hlutverki fyrir inn- og útflutning álvers Fjarðáls. Eykon mun hafa aðstöðu við þá höfn án endurgjalds að sögn bæjarstjóra.

„Eykon mun fá aðgang að Mjóeyrarhöfn endurgjaldslaust fyrstu tvö skrefin í verkefni fyrirtækisins,“ segir Páll Björgvin. Fyrsta skrefið eða fasinn snýr að rannsóknnum og skimun á svæðinu og næsta skref er síðan tilraunaboranir á svæðinu. Þriðja og síðasta skrefið hjá fyrirtækinu er svo vinnsla olíu en Páll Björgvin segir að vinnslan muni ekki hefjast fyrr en líklega eftir um tíu ár.

Þann 2. júní héldu Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð málþing um stöðu norðurlóða og hélt Heiðar Már Guðjónsson, framkvæmdastjóri Eykon Energy, erindi þar sem hann

fór yfir tímalínu, undirbúning og umfang olíuleitar við Íslandsstrendur. Páll Björgvin segir fundi hafa verið haldna milli Fjarðabyggðar og Eykon um mögulegt samstarf en að ekki sé búið að skrifa undir neinn samning enn sem komið er. „Við höfum átt fundi til að kynna svæðin fyrir þeim. Að sama skapi höfum við átt fundi við aðra aðila, rekstraradila skemmtiferðaskipa til dæmis, þar sem við kynnum kosti svæðisins til atvinnuuppbyggingar. Það gerist ekki nema að hitta þá sem eru líklegir til að fjárfesta á svæðinu,“ segir Páll Björgvin.

sveinn@frettabladid.is



Lykil- og korthafar Olis fá

10%

afslátt af bílavörum

GÓÐIR DAGAR FYRIR

BÓNORÐ

... orð eins og bón, bónklútur, vaskaskinn, vínýlbón, þvottakústur ...





Vinur við veginn

50

FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI

TOYOTA

MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Í UPPHAFI SKYLDI ENDINGUNA SKOÐA



Verð frá: 3.420.000 kr.

500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá
nýja Toyotu afhenta í júní**

COROLLA - KYNSLÓÐ EFTIR KYNSLÓÐ.

Við kynnum nýja kynslóð Corolla, spengilegri og glæsilegri en nokkru sinni fyrr. Í tæplega hálfra öld hefur ending og óbilandi gæði Corolla unnið hug og hjörtu landsmanna kynslóð eftir kynslóð. Hér er hún mætt, endurhönnuð, nútímaleg, kröftug og sparneytin með Toyota Touch margmiðlunarkerfi og ríkulegum staðalbúnaði sem drífur hana til móts við nýjar kynslóðir.

Komdu og reynsluaktu.

GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM*



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

SVONA ERUM VIÐ



679 krónur var kílóverð á innlendu kaffi árið 1997. Í fyrra var kílóverðið 1.909 krónur.

Úrbætur duga ekki eftir á: Sekt á Bíla áttuna stendur

VIÐSKIPTI Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur staðfest ákvörðun Neytendastofu um að sekta JR húsið, sem rekur Bíla áttuna, um 50 þúsund krónur fyrir ófullnægjandi verðmerkingar í lok árs 2014.

Bíla áttan kærði ákvörðunina og taldi óeðlilegt að leggja stjórnvaldssekt á félagið eftir að verðmerkingar hefðu verið lagfærðar. Nefndin bendir hins vegar á að gerðar hafi verið athugasemdir við verðmerkingarnar í tvígang og engu breytti þótt Bíla áttan hafi síðar bætt úr merkingunum, enda hafi verið fullt tilefni til sekta og félagið hafi ekki getað bætt úr því eftir á.

- óká

Sjö gullverðlaun á fimmtudag: Íslendingum gekk vel á leikunum

ÍPRÓTTIR Íslensku keppendum gekk vel á Smáþjóðaleikunum og tryggði Ísland sér tugi gullverðlauna á leikunum sem lauk um helgina.

Alls vann Ísland til sjö gullverðlauna síðastliðinn fimmtudag auk þess að næla sér í sjö silfurverðlaun og fern bronsverðlaun. Meðal Íslendinga sem sigruðu voru þau Aníta Hinriksdóttir í 1.500 metra hlaupi og Guðni Valur Guðnason í kringlukasti karla.

- ngy



GENGIÐ Á GRASINU Leiðtogarnir níu brugðu sér út til að láta myndast sig. Cameron, Merkel og Obama fremst, en hinir skammt á eftir.

NORDICPHOTOS/AFP

Ætla enn að þrýsta á Pútín

Annað árið í röð fær Vladimir Pútín Rússlandsforseti ekki að vera með þegar leiðtogar nokkurra helstu iðnríkja heims hittast til að ræða heimsmálin. Umræðurnar hafa snúist um ófriðinn í Úkraínu, skuldavanda Grikklands og aðgerðir til að stemma stigu við hlýnun jarðar. Merkel og Obama forðast að ræða símhleranir.

PÝSKALAND Að venju hópuðust mót-mælendur að þegar leiðtogar G7-ríkjanna komu saman í Þýskalandi í gær til tveggja daga fundarhalds. Mót-mælendurnir hafa sumir hverjir verið á staðnum dögum saman.

Viðbúnaður lögreglu hefur verið mikill og á laugardag kom til átaka við mót-mælendur í nágrenni Elmau-kastala í Garmisch-Partenkirchen, þar sem fundirnir eru haldnir.

Leiðtogar helstu iðnríkja heims hafa hist árlega síðan 1975 til að ræða heimsmálin. Í fyrstu voru þátttakendurnir sex, en fljótlega fjölgaði þeim í sjö og síðan í átta þegar Rússar bættust í hópinn árið 1997.

Í fyrra fengu Rússar samt ekki að vera með vegna afskipta þeirra af Úkraínu, og þeir fengu heldur ekki að vera með nú í ár.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti kom samt töluvert við sögu á fundunum í gær, og svo verður væntanlega einnig á morgun. Leiðtogarnir eru staðráðnir í að halda áfram að þrýsta á Pútín vegna Úkraínu, með áframhaldandi refsiaðgerðum og hunsun á alþjóðavettvangi.

Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, var einnig áberandi á fundunum þótt fjarverandi væri. Leiðtogar Bandaríkjanna, Kanada og Japans eru sagðir hafa lagt hart að Angelu Merkel Þýskalandskanslara að finna sem allra fyrst lausn á deilunum um skuldavanda Grikklands.

Merkel hafði vonast til þess að samið yrði við Grikki fyrir helgi, áður en fundarhöldin í Elmau hæfust. Ekki tókst það og nú hafa

Þátttakendurnir

Bandaríkin
Barack Obama, forseti
Bretland
David Cameron, forsætisráðherra
Frakkland
François Hollande, forseti
Ítalía
Matteo Renzi, forsætisráðherra
Japan
Shinzo Abe, forsætisráðherra

Kanada
Stephen Harper, forsætisráðherra
Þýskaland
Angela Merkel, kanslari

Evrópusambandið
Donald Tusk, forseti ESB-ráðsins
Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB

Grikkir í fyrsta sinn sleppt því að greiða afborganir af lánum sínum og óvíst er um framhaldið.

Merkel er aftur á móti staðráðin í að ná því fram að í yfirlýsingu leiðtogafundarins verði ótvíráð loforð um að ríkin sjö standi við áform um að hlýnun loftslags verði ekki meiri en tvö prósent.

Obama virðist ætla að skrifa undir þetta, þótt ólíklegt þyki að honum takist að sannfæra Bandaríkjaþing um þessi markmið. Obama og Merkel forðuðust síðan að ræða eitt helsta deiluefnið milli þeirra, sem eru sím-anjónsnir Bandaríkjamanna.

gudsteinn@frettabladid.is

Gagnrýni eykst á lokaritgerð viðskiptafræðinema:

Telur hugmyndir notaðar án leyfis

MENNTAMÁL Það lítur út fyrir að fleira sé á mælisvert í lokaritgerð nýútskrifaðs viðskiptafræðinema frá Háskóla Íslands en skálduð viðtöl.

Á laugardaginn greindi Fréttablaðið frá því að svo virtist sem öll viðtöl í ritgerðinni væru fölsuð, meðal annars við Friðrik Pálsson hóteltstjóra, Henk Hoogland, eiganda gistiheimilis, og þriðja viðmælanda sem kaus að koma ekki fram undir nafni. Allir viðmælendurnir hafa staðfest að höfundur ritgerðarinnar hafi aldrei rætt við þá.

Árni Björn Guðjónsson frumkvöðull fékk ábendingu í kjölfar fréttablutnings af málinu um að í ritgerðinni væri hugsanlega byggt á hugmynd hans um framkvæmdir og rekstur á gisti- og baðaðstöðu á Suðurlandi. „Mér finnst enginn vafi leika á að nemandinn hafi notast við mínar viðskiptahugmyndir við gerð ritgerðarinnar,“ segir Árni og bætir við að viðskiptamódelið í ritgerðinni sé það sama og það sem hann hefur unnið að í nokkur ár.

Árni ætlar að gera skólanum viðvart. „Ég þarf að geta sannað að hann hafi ekki bara fengið nákvæmlega sömu hugmynd og ég. Ég lét deildina vita að mig gruni þetta,“ segir Árni sem helst langar að hafa samband við nemandann og spyrja hann hvort honum finn-



HÁSKÓLI ÍSLANDS Nemandinn fékk átta í einkunn fyrir ritgerðina og er útskrifaður viðskiptafræðingur í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



„Mér finnst enginn vafi leika á að nemandinn hafi notast við mínar viðskiptahugmyndir við gerð ritgerðarinnar.“

Árni Björn Guðjónsson, frumkvöðull

ist ekki rangt að nota hugmyndir annars höfundar án þess að geta þess í heimildaskrá.

Athygli vekur að nemandinn fékk 8 í einkunn fyrir ritgerðina og er útskrifaður viðskiptafræðingur í dag.

- ngy

Kjósum um kjarasamninga VR

Rafræn atkvæðagreiðsla VR-félaga um nýgerða kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda hefst 10. júní 2015 kl. 9:00 og lýkur 22. júní kl. 12:00 á hádegis. Kjörgögn með nánari upplýsingum berast félagsmönnum á næstu dögum. Frekari upplýsingar má einnig nálgast á vr.is eða í síma 510 1700.

Kjörstjórn VR



Virðing Réttlæti

VR

SKRÁNING ER HAFIN Á MARATHON.IS

Miðnæturhlaup Suzuki fer fram að kvöldi 23.júní 2015 í tuttugasta og þriðja sinn. Þrjár vegalengdir eru í boði: hálfmaraþon, 10 km og 5 km.

Hlaupið hefst og endar í Laugardalnum. Að því loknu er öllum þátttakendum boðið í Laugardalslaugina.

5 KM

10 KM

21 KM



Helmingur fólks á aldrinum 18 til 29 ára hefur notað ólögleg fíkniefni

Rúmlega helmingur landsmanna er andvígur afglæpavæðingu á neyslu ólöglegra fíkniefna. Í nýrri könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands kemur fram að tæpur þriðjungur landsmanna segist einhvern tímann hafa notað hass eða maríjúana. 69 prósent hafa aldrei prófað.

KANNANIR Næstum þriðjungur, eða 31 prósent, landsmanna segist einhvern tímann hafa notað hass eða maríjúana. Sextíu og níu prósent segjast þá ekki hafa notað það. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar sem Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, vinnur að ásamt Jónasi Orra Jónassyni félagsfræðingi. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd skoðanakönnunarinnar.

Hlutfall þeirra sem hafa notað efnið er hærra en hefur áður mælst í rannsóknum Helga. „Auðvitað getur skýringin að hluta til verið sú að menn þori frekar að viðurkenna neysluna en áður, en samt held ég að þetta sé merki um að þessi hópur sé að einhverju leyti stækkandi,“ segir Helgi. Árið 2013 var hlutfallið 25 prósent og 2002 var hlutfallið 20 prósent.

Helmingur svarenda á aldrinum 18-29 ára sagðist einhvern tímann hafa prófað efnið og algengara var að karlmenn (37%) hefðu notað það en konur (25%). Aðeins sjö prósent 60 ára og eldri sögðust hafa prófað efnið.

Þá sýna niðurstöður einnig að rúmlega helmingur landsmanna, eða 56 prósent, er andvígur því að varsla á neysluskammti fíkniefna verði gerð refsilaus. Rétt er að benda á að það að gera vörslu efnanna refsilausa er ekki það sama og að leyfa þau. „Munurinn á afstöðunni þarna er aldrisbundinn og hann er líka bundinn við kyn. Konur eru varfærari og vilja mun síður stíga þetta skref en karlar,“ segir Helgi. Það séu einkum ungir karlar sem vilji afglæpavæða fíkniefni.



„Munurinn á afstöðunni þarna er aldrisbundinn og hann er líka bundinn við kyn. Konur eru varfærari og vilja mun síður stíga þetta skref en karlar.“

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við HÍ

Helgi skýrir aldrismuninn þannig að reynsla fólks á ólíkum aldri af efnunum sé ólík. „Þetta er í umhverfi unga fólksins sem gerir það að verkum að unga fólkið hefur ekki eins miklar áhyggjur af þessu og eldra fólkið sem þekkir þetta síður af eigin raun og hefur áhyggjur af börnum sínum og barnabörnum,“ segir Helgi.

Yngra fólkið horfi svipuðum augum á kannabisefni og áfengi og finnst skrytið að það sé refsivert að nota kannabisefni en ekki viski. Eldri kynslóðin og miðaldra kynslóðin hafi miklar áhyggjur af fíkniefnum og vilji síður gefa eftir í baráttunni gegn þeim. Að afglæpavæða fíkniefni myndi senda röng skilaboð um að neysla þeirra væri ekki alvarleg.

Helgi segir líka að ólík afstaða aldurshópa til þess að afglæpavæða fíkniefnaneyslu geti mótast af því að unga fólkið gæti talið sig líklegt til að verða fyrir afskiptum lögreglu. „Það gæti lent í vörslu lögreglu fyrir eitthvað sem því finnst ekki alvarlegt. Þá er maður



FÍKNIEFNAHUNDUR AÐ STÖRFUM Varsla og viðskipti með hass og maríjúana eru ólögleg. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

kominn á sakaskrá og þarf að greiða sekt og er kominn með einhvern stimpil á sig. Og það fyrir atferli sem því finnst ekki alvarlegt,“ segir Helgi. Þetta geti haft áhrif á möguleika fólks á að fá atvinnu eða til náms.

Helgi rifjar upp að hann skoðaði afstöðu fólks til bjórs, áður en sala á honum varð

heimil, og þetta sé sama mynstur. „Unga fólkið vildi leyfa bjórinn og sérstaklega ungu karlarnir. En skömmu áður en bjórinn var leyfður var meirihluti kvenna á móti því. Það var svona 51 prósent kvenna sem vildi áfram banna bjór,“ segir Helgi.

jonhakon@frettabladid.is

FINNSKA BÚÐIN er 3-ára!

Afmælistilboð 8. - 14. júní



Múmín sumarkrús
~~3.500,-~~
2.975,-



Marimekko bolur
~~10.900,-~~
9.265,-
til í mörgum litum

Ittala Mariskál
120 mm
~~frá 4.390,-~~
frá 3.732,-



Allar vörur -15%

Viltu vinna frábærar vörur? Taktu þátt í afmælistilboðum okkar á Facebook



Marimekko taska
~~18.900,-~~
16.065,-



Karhu Múmín hlaupaskór
~~18.900,-~~
16.065,-



Komdu og fáðu þér köku með okkur í dag milli kl. 17-18. Verið velkomin!

FINNSKA BÚÐIN, Laugavegi 27 (bakhús), #finnskabudin, 519 6688



BLÖNDUÓS Fjöldi fyrirtækja þarf að gyrða sig í brók og bæta umgengni á lóðum sínum í sveitarfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Umhverfisnefnd lagði fram 112 ljósmyndir: Óska liðsinnis fyrirtækjanna á Blönduósi

BLÖNDUÓS Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar skoðaði á síðasta fundi sínum 112 ljósmyndir af atvinnulóðum.

Haldinn var umhverfisdagur um síðastliðna hvítasunnuhelgi þar sem íbúar tóku sig til og gerðu hreint við hýbýli sín.

Að sögn Valgarðs Hilmarssonar, formanns nefndarinnar, heppnaðist dagurinn mjög vel en nú er komið að fyrirtækjunum í bænum.

„Á síðasta fundi voru lagðar fram rúmlega hundrað myndir af atvinnulóðum í bænum sem við teljum að gætu verið í betra ásigkomulagi. Þetta er gert í framhaldi af góðu átaki meðal bæjarbúa um feegur bæjarins. Í framhaldi munum við senda bréf á fyrirtæki sem við teljum að geti gert betur

„Á síðasta fundi voru lagðar fram rúmlega hundrað myndir af atvinnulóðum í bænum sem við teljum að gætu verið í betra ásigkomulagi.“

Valgarður Hilmarsson, formaður skipulags-, umhverfis-, og umferðarnefndar Blönduósbæjar

og biðja þau vinsamlegast um að gera nærúmhverfi sitt þrifalegra,“ segir Valgarður.

Er umhverfisátak bæjarins liður í því að gera allt samfélagið fallegra og meira aðlaðandi. Fjöldi ferðamanna sem staldrar við á Blönduósi er sagður hafa margfaldast síðustu ár.

Leikum lokið – kærar þakkir

Vel heppnuðum Smáþjóðaleikum er lokið. Erlendir þátttakendur og aðrir gestir halda heim á leið en eftir verða góðar minningar íslenskra keppenda og áhorfenda – og góður slatti af verðlaunapeningum. Við hjá Bílaumboðinu Öskju og Höldi-Bílaleigu Akureyrar erum stolt og glöð að eiga þátt í að gera þessa íþróttahátíð jafn glæsilega og raun bar vitni með því að leggja henni til sjötíu Mercedes-Benz bifreiðar.

Takk fyrir okkur!



Mercedes-Benz

Sveitarfélögin borgi framhaldsnám í tónlist:

Feilnóta Illuga liggur í loftinu

Blessuð tónlistin. Hún er þarna frá morgni til kvölds og frá vöggju til grafar. Hún huggar og gleður, lyftir andanum og litar hversdaginn. Hvort sem dansað er á harmonikkuballi eftir réttir, rappað, stappað eða klappað í Hörpu – æ, það skiptir ekki máli. Mikið væri lífið fátæklegt án tónlistar.

Tónlistin er sem sagt órjúfanlegur hluti af lífi okkar flestra og hún býr yfir einhverjum undarlegum töfrakrafti. Það er því ekki að undra að ungt fólk vilji leggja fyrir sig tónlistarnám. Aðdráttaraflíð er mikið. Auðvitað fer aldrei svo að allt þetta unga fólk geri tónlistina að ævistarfi. Langt í frá. Ekki frekar en allir þeir frábæru krakkar sem spila fótbolta um allt land sér til ánægju og yndisauka koma til með að fara í atvinnumennsku í íþróttum. En rétt eins og fótboltinn eða önnur íþróttaiðkun þá er tónlistin ómetanlegur valkostur í tómstunda- og menntalífi allra landsmanna.

Þegar komið er á framhaldsskólastigið standa eftir mörg þeirra sem ætla sér lengra eða vilja að minnsta kosti að tónlistariðkun verði áfram ríkulegur þáttur í lífi sínu. Það merkilega er að tölfraeðin sýnir okkur að þessir krakkar standa sig oft sérstaklega vel

í öllu námi. Þau eru einbeitt, skipulögð og nýta tíma sinn vel og allt þetta óháð búsetu og efnahagslegum aðstæðum heima fyrir. Það hlýtur að segja okkur að gott aðgengi að tónlistarnámi, sem og öðru afreksstarfi, sé fádæma hagstæð leið fyrir samfélagið til eflingar komandi kynslóðum. Gott aðgengi að góðu tónlistarnámi er þannig frábær fjárfesting fyrir samfélagið. Eru stjórnálamenn ekki alltaf að leita að hagstæðum framtíðarfjárfestingum samfélaginu til heilla? Eða var það skjótfenginn ávinningur fyrir kjörtímabilið?

Að minnsta kosti gefst Illuga Gunnarssyni menntamálaráðherra nú einstaklega gott tækifæri til þess að miðla því til kjósenda hvorn kostinn hann telji betri. Hann er maðurinn á bak við þá hugmynd að allt ríkisfjármagn sem fer í framhaldsnám í tónlist á landsvísu fari nú í einn sameinaðan tónlistarskóla í Reykjavík. En sveitarfélögin, hvar og hvernig sem þau eru í sveit sett, eigi að sjá um sína. Ef rétt reynist þá mun þetta óhjákvæmilega draga úr aðgengi að tónlistarnámi og skerða jafnrétti til náms eftir búsetu svo eitthvað sé nefnt.

Óháð því hvað þetta leggur á sveitarfélögin sem eru misveru í stakk búin til þess að takast á við málið. Og óháð því hversu mikið þetta getur skaðað það góða starf sem fjölmargir tónlistarskólar víða um land hafa að bjóða. Þá er þetta fyrst og fremst eitthvað sem ungt fólk í tónlistarnámi getur ekki látið bjóða sér í nútímasamfélagi. Samfélagi þar sem ungt fólk lætur sig jafnvel dreyma um annað og meira en áburðarverkmiðjur og álver. En þetta veit Illugi eflaust enda liðtækur við píanóið og vonandi er honum því treystandi til að slá ekki slíka feilnótu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Heilsuvisir

NÆRANDI ÞÆTTIR

Á NÝJU VEFSVÆÐI VÍSIS

Fylgstu með þessum fróðlegu orþáttum á visir.is/heilsuvisir.

Visir.is er hluti af 365

visir



GIÐ FAKAFENI

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sáttasta sáttanefndin

Enn eru samningar ríkisins, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Bandalags háskólamanna í algerum hnút. Ríkisstjórnin brá á það ráð að skipa sáttanefnd um málið þrátt fyrir að deilunum hefði þegar verið vísað til ríkissáttasemjara. Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, var alls ekki ánægð með útsplið og taldi það gera meira ógagn en gagn. „Ég get ekki séð að það gangi hraðar af því að fólk þarf náttúrulega að setja sig inn í málin, þetta er flókin deila. Og það liggur allt fyrir, það liggja öll gögn fyrir, bæði hjá samninganefnd ríkisins og hjá okkur. Og okkur er ekkert að vanbúnaði að ganga til samninga. Auðvitað þurfa aðilar að færa sig nær og það er verkfernið eftir sem áður.“



Enn í pólitík


En gagnrýni frá forystu verkalyðs-hreyfingarinnar féll í gryttan jarðveg hjá æstu embættismönnum. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra var ekki sáttur við skort á viðhorfi verkalyðsforystunnar í garð sáttanefndarinnar. „Spurning hvort forysta BHM sé trúverðug og hvort hægt sé að eiga í viðræðum við félagið meðan því er stýrt af Samfylkingunni. Framkvæmdastjóri félagsins er augljóslega hvergi hætt í pólitík,“ skrifaði ráðherra á Facebook-síðu sína á laugardaginn. Viðhorf ráðherrans er áhugavert en algengt er að gagnrýnendum ríkisstjórnarinnar sé gert upp að vera með pólitískt ráðabrukk í huga. Ef allir hefðu sama viðhorf og ráðherra væri ekkert líf eftir frama í pólitík.

Allar vísbendingar jafngildar?

Róbert Marshall og Ragnheiður Ríkhardsdóttir voru gestir í Vikulokunum á Rás 1 á laugardag og fóru um víðan völlu. Athygli vakti að þau voru sammála um að skoða bæri hagsmunatengsl forsætisráðherra við DV. „Það skiptir engu máli hvernig þær vísbendingar eru komnar fram. Það þarf að draga frá í því máli. Það má ekki vera neinn vafi um það að hann hafi ekki haft afskipti af þessum viðskiptum. Það er eðlilegt að það sé rannsakað og það er eðlilegt að það sé spurt út í það,“ sagði Róbert og kvað sjálfsgæða kröfu að ráðherra svaraði fyrir málið. Er rannsóknar á forsætisráðherra að vaenta.stefanrafn@frettabladid.is



HALLDÓR



Mansal rætt í Ríga

MANNRÉTTINDI



Elín Hirst
Þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Í Eyrstrasaltslöndunum, Eistlandi, Lettlandi og Litháen, er mansal landlægt vandamál og mjög margar konur þaðan verða fórnarlömb þess sem kallað hefur verið nútíma þrælshald. Nýlega fór ég ásamt nokkrum þingmönnum Norðurlandaráðs til fundar við lettnesk yfirvöld í Ríga til að fræðast um stöðuna og bjóða hjálp Norðurlandþjóðanna í baráttunni gegn mansali.

Mjög erfitt er að uppræta mansal þar sem glæpamennirnir hafa afar fóst tök á fórnarlömbum sínum. Einnig skortir mjög á að almenningur sé meðvitaður um mansal og eðli þess. Mansal, en man er gamalt íslenskt orð sem þýðir þræll eða ambátt, fer m.a. þannig fram að brotamennirnir nýta sér fátækt, menntunarskort, eiturlyfjafíkn eða hreinlega beita hótunum. Fórnarlömbunum eru boðin vel launuð störf eða náms-tækifæri. Þegar til kastanna kemur eru tilbodin blekking og konurnar þá fastar í vef brotamanna. Um velskipulagða glæpastarfsemi er að ræða þar sem ávinningur glæpamannanna er gríðarlegur. Fórnarlömb mansals verða oft kynlífsþrælur; þvingaðar til að stunda vændi með margs konar hætti, á nuddstofum eða nektardansstöðum. Mansal á ungmennum er einnig vel þekkt þar sem börn eru hneppt í þrældóm til kynlífs eða vændis sem og til þrælkunar við ýmis framleiðslustörf.

→ Ég vil skora á okkur Íslendinga að vera vel á verði þegar mansal er annars vegar en því miður hafa komið upp nokkur mál hér á landi.

Á fundinum í Ríga hittum við þingmenn fulltrúa mannréttindanefndar lettneska þingsins, innanríkisráðuneytisins, saksóknara og lögreglu. Auk þess hittum við systursamtök Stígamóta á Íslandi sem kallast MARTA. Þau samtök hafa unnið afar gott starf við að aðstoða fórnarlömb mansals og uppfæða almenning.

Í heimsókninni buðu Norðurlöndin fram aðstoð sína við lettnesk yfirvöld, til dæmis með þeim hætti að auka samstarf og samþjálfun lögreglu. Þess utan lýstum við þingmennirnir yfir miklum vilja til þess að nota stjórnálavettvanginn á Norðurlöndum til þess að aðstoða nágrenna okkar við Eyrstrasalt í baráttunni gegn mansali.

Ég vil skora á okkur Íslendinga að vera vel á verði þegar mansal er annars vegar en því miður hafa komið upp nokkur mál hér á landi. Um langt skeið hafa dansaðir eða kampavínsklúbbar átt upp á pallborðið hér á landi þrátt fyrir sterkan grun um tengsl slíkra staða við vændi og mansal.

Móðgunartaxti embættismanna

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Íslensk meidyrðalöggjöf er of ströng. Hún miðast um of við að standa vörð um sæmd en of lítið við réttinn til tjáningarfrelsis. Hún er of mikið sniðin eftir þeirri hugmynd að sæmd varðveiti menn með þögn um verk sín og persónu. Hún er of bundin við hagsmuni þeirra sem vilja sækja æru sína til dómstóla með fébótum en tekur ekki nægilegt tillit til þess að fólk þarf að hafa leyfi til að hafa orð á því sem það telur sig vita og telur sig geta staðið við án þess að þurfa að greiða það dýru verði.

Pagnarótti

Fyrir vikið geta dómstólar orðið skálkaskjól og leið til að vekja þagnarótta, hræða blaðamenn og aðra frá því að fjalla um hluti sem þeir telja sig þurfa að fjalla um; hræða fólk frá því að segja hug sinn. Þeir hvetja til þess að við berum fram sakir í lágum hljóðum en ekki upphátt; íslenskir dómstólar standa

vörð um þá séríslensku bókmennta-grein, kjaftasöguna.

Sæmd sækja menn ekki til dómstóla. Orðstír sinn fá menn af verku sínum og framgöngu. Orðspor fæst ekki keypt, eins og vesalings fyrrum útrásarvíkingarnir hafa aldeilis mátt reyna. Séu menn bornir röngum og ósanngjörnum sökum er alltaf best að svara þeim á sama vettvangi, heiðarlega og af yfirvegum. Það er mikið vafamál að dómstólar séu yfirleitt rétti vettvangurinn til að kveða upp úr um það hvort tiltekin ummæli séu „dauð og ómerk“; því að dómstólar geta ekki hlutast til um það hvernig við hugsum eða hvert álit okkar sé á öðru fólki.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur nú þrisvar dæmt Erlu Hlynadóttur blaðamanni í vil í málum þar sem býsna harðir dómur féllu hér á landi yfir henni og störfum hennar: í tveimur fyrri tilvikunum hafði hún verið dæmd fyrir ummæli viðmælenda sinna – í fyrra sinni um starfsemi nektardansstaðar sem nokkru síðar var lokað af yfirvöldum vegna ólöglegrar starfsemi og í öðru tilvikinu fyrir ummæli sem tengdust svonefndu Byrgismáli. Þriðji aðilinn til að sækja mannorðsfé í greipar Erlu var sakborningur í kókaínsmyglmáli sem undi því ekki að vera

kenndur við þann glæp í fyrirsögn.

Óskandi væri að þessar þrálátu leiðréttingar að utan á íslenskum dómum yrðu til þess að íslenskir lögspekingar færu að hugsa sinn gang um þessi mál eða löggjafinn gripri til sinna ráða og setti okkur frjálslægri meidyrðalöggjöf sem miðaðist svölitið meira við tjáningarfrelsi. Fram hefur komið að Erla naut ekki atbeina innanríkisráðuneytisins í sínum málarekstri og var því borið við að ekki væru til neindir peningar, sem fróðlegt er að heyra í ljósi þeirra fjárhæða sem ausið var í almannatengla vegna lekamálsins – með frægum árangri.

Bændur fljúgast á

Og vikur þá sögunni vestur á Snæfellsnes, nánar til tekið í Eyja- og Miklaholtshrepp. Þar hafa bændur ræktað með sér deilur af því tagi sem við þekkjum allar götur frá Íslendingasögnum og fram á okkar daga í þessu landi sem er svo þakið gaddavír að menn kynnu að halda að hér geisi eilíf styrjöld. Deilurnar virðast í Íslendingasagnastíl, hverfast um höfðingjann, goðann í héraðinu, umsvif hans og meintan yfirgang – annaðhvort hans gagnvart öðrum eða annars gagnvart honum. Ekki er auðvelt að henda reiður á þessum deilum. Eiginlega

ekki annað fyrir okkur hin að gera en að segja: Æ, krakkar mínir, og minna á geðorð númer eitt: „Hugsaðu jákvætt, það er léttara“.

En á dögnum féll sem sé dómur – einn af þessum þungu íslensku meidyrðadómum, og er óhætt að segja að allt sé þar með nokkrum ólíkindum. Kona ein í sveitinni, Anna Sesselja Sigurðardóttir að nafni, telur að að oddvitinn í hreppnum hafi dregið taum höfðingjans, Ólafs Ólafssonar, sem kenndur er við Samskip, í deilum milli bæjanna. Hún skrifar á Facebook að oddvitinn smjæðri fyrir Ólafi, enda hafi Ólafur gefið honum traktor, setur svo fram spurninguna um mútur. Oddvitinn bregst ókvæða við, harðneitar því að hafa fengið gefins traktor en talar um að menn fái eitt og annað lánað milli bæja eins og gengur. Lætur á sér skilja að hann sé með traktor í láni.

Er svo kyrrt um hríð. Svo gerist hið óvænta: sjálfur ríkissaksóknari, sem er nú ekki uppnæmur yfir smámunum, kærir konuna fyrir ummælin og á dögnum féll sem sé dómur í Héraðsdómi Vesturlands þar sem hún er dæmd í sekt fyrir að segja að traktor hafi verið gefinn – en hann var sem sé bara í láni – og það sem meira er: hún er dæmd til að greiða lögmanni sínum 1,2 millj-

Óskandi væri að þessar þrálátu leiðréttingar að utan á íslenskum dómum yrðu til þess að íslenskir lögspekingar færu að hugsa sinn gang um þessi mál.

ónir króna í málsvarnarlaun. Það er ansi mikil upphæð fyrir sumt fólk.

Sú ákvörðun ríkissaksóknara að kæra manneskju fyrir þær ávirðingar á Facebook í garð oddvita, að hann hafi fengið gefins traktor sem aðeins sé í láni, vitnar um að enn starfa menn í íslenski stjórnsýslu eftir hinni fráleitu 242. grein almennra hegningarlaga sem hljóðar á þessa leið: „Hafi ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun verið beint að manni sem er eða verið hefur opinber starfsmaður, og móðgunin eða aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, þá skal slíkt brot sæta ákæru eftir kröfu hans.“ Að vísu er búið að taka burt það allra fátánlegasta í greininni um „aðdróttun þótt sönn sé“; þökk sé Þorgeiri Þorgeirssyni. En áfram hafa íslenskir embættismenn sinn sérstaka móðgunartaxta.

Fæ ég koss í kaupbæti?

MANNRÉTTINDI

Stjórn Norrænna samtaka starfsfólks í hótél-, veitinga- og ferðabjónustugreinum
Tina M. Madsen, 3F, Danmörku
Clas Delp, Fellesforbundet, Noregi
Therese Guovelin, HRF, Svíþjóð
Markku Björn, PAM, Finnlandi
Finnbogi Sveinbjörnsson, SGS, Íslandi
Niels Olgeirsson, MATVÍS, Íslandi

Kynferðisleg áreitni er því miður daglegt brauð fyrir starfsfólk í hótél- og veitingagreinum á Norðurlöndunum. Alltof margir upplifa áreitni frá káfandi gestum, kynferðislegan undirtón í samskiptum og almenna karlrembu. Þetta kemur fram í mörgum könnunum sem norræn stéttarfélag innan ferðabjónustugreina hafa gert meðal félagsmanna sinna. Þessi áreitni kemur frá samstarfsfólki, yfirmönnum og viðskiptavinum. Starfsfólk fær sjaldan leiðbeiningar um hvernig eigi að fyrirbyggja og meðhöndla kynferðislega áreitni.

Norræn samtök starfsfólks í

ferðabjónustugreinum hafa sett vinnu við baráttuna gegn kynferðislegri áreitni á oddinn. Við munum setja málið á dagskrá bæði á Norðurlöndunum og á alþjóðavísu til að beina athyglinni að því að félagsmenn okkar þurfa að þola kynferðislega áreitni við vinnu sína. Við krefjumst aðgerða af hálfu atvinnurekenda, svo sem að innleiða skýra starfsmannastefnu þar sem fram kemur hvernig skuli fyrirbyggja og meðhöndla vandamálin á vinnustaðnum.

Kynferðisleg áreitni er algeng í okkar geira og það getur tengst því að margir eru með tímabundnar ráðningar og þeirri menningu að gesturinn hafi ávallt rétt fyrir sér. Bæði karlar og konur upplifa kynferðislega áreitni, en áreitni karla gagnvart konum er mun algengari. Í okkar geira er oft valdaskipulag, bæði meðal starfsmanna og gagnvart viðskiptavinum, þar sem ungar konur eru oftast neðarlega í

valdastiganum. Að þessu viðbættu störfum við í geira þar sem áfengi er afgreitt. Allir þessir þættir ýta undir menningu þar sem starfsfólk fær að heyra að það sé hluti af starfinu að þola óþægilegar athugasemdir frá kúnum og samstarfsfólki. Slíkt er ekki eðlilegt.

Kynferðisleg áreitni er viðkvæmt málefni sem getur verið erfitt að ræða. Það er alþekkt að þolendur treysta sér ekki til að tilkynna eða kæra áreitni. Þrátt fyrir að við vitum að kynferðisleg áreitni sé útbreitt vandamál upplifum við að fáir snúa sér til trúnaðarmanna stéttarfélaga til að biðja um hjálp. Núna viljum við auka skilning á þessu alvarlega vinnuverndarmáli. Kynferðisleg áreitni getur leitt af sér andleg og líkamleg vandamál auk þess sem hún dregur úr starfsánægju og áhuga fólks á að velja starfsframa í greininni. Þá er ótalin fjárhagslegur skaði, en margir starfsmenn sjá það sem lausn að

segja upp starfi sínu vegna áreitni sem þeir verða fyrir.

Atvinnurekendur bera meginábyrgð og það er þeirra að sjá til þess að starfsfólk njóti öruggs starfsumhverfis. Hvers vegna viðgengst þetta þá í okkar geira? Þetta er spurning um kynjafnrétti, öryggismál og vinnuvernd. Sem stéttarfélag berjumst við fyrir því að enginn þurfi að upplifa kynjahyggju á sínum vinnustað.

Við gerum þá kröfu til atvinnurekenda að þeir geri slíkt hið sama. Aðilar vinnuarkaðarinnar þurfa að gera langtímaáætlun og fyrirbyggjandi aðgerðir til að útrýma kynjahyggju í geiranum. Allir þurfa að leggja á árar og róa í sömu átt til að snúa við þróuninni. Atvinnurekendur ber að tryggja starfsumhverfi sem er laust við ofbeldi og kynferðislega áreitni. Við sem viðskiptavinir höfum einnig mikla ábyrgð og okkur ber að hegða okkur vel gagnvart þeim sem þjónusta

Kynferðisleg áreitni getur leitt af sér andleg og líkamleg vandamál auk þess sem hún dregur úr starfsánægju og áhuga fólks á að velja starfsframa í greininni.

okkur. Sem samstarfsfólk eigum við að hjálpa hvert öðru að auka þekkingu á vandamálinu, skapa starfsumhverfi sem byggir á virðingu gagnvart vinnufélögnum og okkur ber að styðja samstarfsfólk okkar sem verður fyrir áreitni. Enginn á að þurfa að þola kynferðislegt ofbeldi í okkar geira. Ekkert umbyrðarlyndi er það eina sem gildir gagnvart kynferðislegri áreitni.

Við viljum útrýma umbyrðarlyndi gagnvart óásættanlegri hegðun. Enginn á að þurfa að þola ofbeldi við störf sín! #AldreiOK

www.volkswagen.is

Caddy með nýju sniði

Caddy City er enn einfaldari og hagkvæmari útfærsla af Volkswagen Caddy, sniðin að þörfum þeirra sem vilja traustan vinnufélag til að léttja sér lífið við dagleg störf. City er viðbót í sendibílalínu Volkswagen Caddy.

Volkswagen Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi. Með tilkomu City er enn auðveldara að bætast í hóp hæstánægðra Volkswagen eigenda.

Caddy City kostar aðeins frá

2.630.000 kr.

(2.120.968 kr. án vsk)



Atvinnubílar

Er um raunverulegar umbætur í húsnæðismálum að ræða?

HÚSNÆÐISMÁL



Ellen Calmon
formaður ÖBÍ



Stefán Vilbergsson
verkefnisstjóri hjá ÖBÍ

Á dögnum var kynnt áætlun ríkisstjórnarinnar um „stórfelldar umbætur í húsnæðismálum landsmanna“. Mörgu sem felst í áætluninni ber að fagna. Það er mikilvægt að byggja félagslegar íbúðir, breyta fjármögnun félagslega húsnæðiskerfisins, styðja ungt fólk til íbúðarkaupna og veita leigjendum húsnæðisbætur. Þörfin fyrir litlar og ódýrar íbúðir er mikil og mun aukast. Það er því brýnt að skoða allar leiðir til að minnka byggingarkostnað. Leiðin sem stjórnvöld hafa ákveðið að feta í þá átt er þó ekki sú álitlegasta.

Aðskilnaður er ekki umbætur

Í tilkynningu frá velferðarráðuneytinu segir: „Stuðlað verður að sem hagkvæmestum aðferðum við húsnæðisbyggingar til að lækka kostnað, m.a. með endurskoðun byggingarreglugerðar og skipulagslaga. Gert er ráð fyrir nýjum flokki mannvirkja sem verður undanskilin ákvæðum um altæka hönnun.“

Ákvæði byggingarreglugerðar og skipulagslaga um algilda hönnun og aðgengi fyrir alla fela

í sér að mannvirki skuli vera byggð svo að allir hafi sama aðgang að þeim. Þrjár meginástæður eru fyrir því að misráðið er að undanskilja flokk mannvirkja þessum ákvæðum. Það skerðir réttindi fjölda fólks, það felur ekki í sér sparnað og það er óhagkvæmt fyrir þjóðfélagið til lengri tíma lítið.

Sjálfstætt líf er sjálfsgöð mannréttindi

Nútímaþjóðfélag á ekki að vera byggt á aðskilnaði og mismunum. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Ísland undirritaði 2007 er áréttáð að mannréttindi og grundvallarfrelsi eru algild og ódeilanleg, gagnvirk og samtvinnuð og jafnframt er áréttuð nauðsyn þess að fötluðu fólki séu tryggð þessi réttindi og frelsi að fullu án mismununar. Jafnframt er viðurkennt að hugtakið fötlun þróast og að fötlun verður til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Í þessu felst meðal annars að fötluðu fólki skuli verða kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins. Öllum hindrunum eigi að vera útrýmt sem hefta aðgengi, meðal annars að byggingum innan dyra sem utan.

Með öðrum orðum hefur ríkisstjórn Íslands skuldbundið sig til að eyða hindrunum, ekki setja nýjar upp eins og felst í þessari áætlun.

Algild hönnun felur ekki í sér aukinn kostnað

Það þarf ekki að vera dýrara að byggja húsnæði samkvæmt ákvæðum um algilda hönnun. Það getur verið dýrt að breyta eldra húsnæði, en ef gert er ráð fyrir þessum ákvæðum þegar frá byrjun þá getur aðgengilegt húsnæði jafnvel verið ódýrara í byggingu en húsnæði sem byggt er samkvæmt eldri stöðlum.

Talsvert hefur verið vitnað í mat sem Samtök iðnaðarins létu gera fyrir sig á kostnaðaráhrifum nýrrar byggingarreglugerðar og sýndi fram á verulega hækkun byggingarkostnaðar. Ákvæði um algilda hönnun ollu ekki þeim kostnaði heldur ákvæði um orkusparnað sem síðan hafa verið tekin út úr reglugerðinni. Algild hönnun veldur ekki auknum byggingarkostnaði ef byggt er samkvæmt henni frá grunni.

Auk þess sýnir samanburðarúttekt Mannvirkjastofnunar á fjórum gerðum íbúða sem byggðar eru eftir ákvæðum eldri og gildandi byggingarreglugerðar fram á að í öllum tilvikum er unnt að gera minni íbúðir eftir nýju reglugerðinni en eftir þeirri gömlu. Nú er hægt að byggja 26 m² íbúðir en í áratugi var minnst hægt að byggja 36,2 m² íbúðir. Kröfur um lágmarksstærðir íbúða hafa því minnkað umtalsvert.

Til lengri tíma lítið

Áætlað er að 10-15% landsmanna eigi við skerðingu að stríða og það hlutfall fer hækkandi. Þjóðin er að eldast og sífellt fleiri munu þurfa á aðgengilegu húsnæði að halda á komandi árum. Eftir 20

→ Í þessu felst meðal annars að fötluðu fólki skuli verða kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins. Öllum hindrunum eigi að vera útrýmt sem hefta aðgengi, meðal annars að byggingum innan dyra sem utan.

ár er talið að um 20% þjóðarinnar séu 65 ára og eldri. Þörfin fyrir minni og ódýrari íbúðir verður síst minni fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega en ungt og barnlaust fólk.

Meirihluti eldra húsnæðis á Íslandi er óaðgengilegur fyrir stóran hóp fólks. Einstaklingar geta hlotið skerðingu á lífsleiðinni, þá er það andlegt, líkamlegt og í mörgum tilvikum líka fjárhagslegt áfall. Í tengslum við áföll þarf oft að breyta húsnæði eða einstaklingur þarf að skipta um húsnæði ef hann býr ekki í húsnæði sem er byggt samkvæmt algildri hönnun og getur það verið dýrt eða jafnvel ómögulegt. Félagsleg einangrun getur fylgt því að fatlað fólk getur ekki heimsótt vini og ættingja vegna þess hvernig það býr.

Þó svo að allt nýtt húsnæði á næstu áratugum yrði byggt samkvæmt algildri hönnun þá myndi það ekki nægja til að uppfylla þörf þjóðarinnar fyrir aðgengilegt húsnæði. Aðgengilegt húsnæði er ódýrara til lengri tíma lítið því þá geta meðal annars eldri borgarar búið lengur heima hjá sér en ella, fólk getur frekar verið heima þótt um tímabundna skerðingu sé að ræða og þarf

ekki að flytja þótt um varanlega skerðingu væri að ræða. Húsnæði sem fólk kaupir fyrir eigin fjármuni hlýtur að vera ódýrara fyrir samfélagið en að byggja fleiri hjúkrunarrými og reka á vegum ríkisins.

Áætlun ríkisstjórnarinnar ætti að miða að því að byggðar séu litlar, ódýrar og ekki síst aðgengilegar íbúðir. Í dag þarf fjöldi fólks að yfirgefa heimili sín til að flytja á stofnun eða í þjónustuíbúð. Það er öllum í hag að fólk geti búið á heimili sínu sem lengst.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á greinar@visir.is og við komum henni á framfæri hið snarasta.

Hækkun á lífeyri almennatrygginga!

Því ber að fagna að náðst hafa kjarasamningar við fjölmenn stéttarfélag á almenna markaðnum og þar með verið afstýrt verkfalli tugþúsunda starfsmanna, sem hefði haft gífurleg áhrif á samfélagið allt. Nóg er nú samt með verkfalli BHM-félaga og nú hjúkrunarfræðinga og fleiri. Eldri borgarar horfa með skelfingu á það ástand sem hefur skapast í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Fólk kemst ekki

KJARAMÁL

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir situr í nefnd um endurskoðun almennatrygginga



í lífsnauðsynlegar rannsóknir og meðferð á lífshættulegum sjúkdómum seinkar eða stöðvast. Þetta er ekki boðlegt á Íslandi nútímans. Báðir aðilar verða að semja sem allra fyrst og áður en meiri skaði er skeður. Í gömlum málshætti segir: Sjaldan veldur einn, þegar tveir deila.

Landssamband eldri borgara ályktaði á landsfundi sínum 5. til 6. maí sl. að krefjast þess að lífeyrir almennatrygginga taki að lágmarki sömu hækkunum og lægstu laun sem samið verður um í næstu kjarasamningum. Jafnframt að sett verði framfærsluviðmið sem taki mið af raunkostnaði. Við bentum á að hækkun persónuafsláttar væri besta kjarabót láglaunafólks og þar með eftirlaunafólks og að lágmarkstekjur til framfærslu ætti ekki að skattleggja. Sú nánast árlega ákvörðun Alþingis er forkastanleg, að aftengja við afgreiðslu fjárlaga, 69. grein laga um almennatryggingar, sem er svohljóðandi: Bætur almennatrygginga skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun skal taka mið af launapróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.“ Þetta ákvæði átti að tryggja að lífeyrisþegar fengju þá hækkun sem þeim væri hagstæðari hverju sinni. Á árinu 2014 var

launapróun að meðaltali 5,6%, samt fengu lífeyrisþegar aðeins 3% hækkun í fjárlögum ársins 2015. Þegar kröfur stéttarféлага komu fram um að lágmarkslaun hækkuðu á þremur árum í 300.000 krónur tók stjórn Landsambands eldri borgara heils hugar undir það og ályktaði að það sama ætti að gilda um lífeyri almennatrygginga. Því hljóttum við að vænta þess að þegar samið er um verulegar hækkunir í kjarasamningum þá njóti eldri borgarar þess einnig með hækkun á lífeyri frá almennatryggingum. Ráðherrar síðustu þriggja ára hafa sífellt borið því við að í gangi væri endurskoðun á almennatryggingalögum og þar væri að vænta verulegra bóta til handa lífeyrisþegum. Vissulega gera þær tillögur, sem rætt er um í nefndinni, ráð fyrir því að minnka skerðingar á lífeyri frá Tryggingastofnun vegna annarra tekna, og hefur í för með sér ábata fyrir þá sem hafa einhverjar aðrar tekjur en frá almennatryggingum. Þær tillögur eru þó ekki enn komnar í frumvarp og þó svo verði þá tekur tíma að afgreiða þær í þinginu. Auk þess er áætlað að sú breyting taki gildi í áföngum á þremur til fjórum árum. Þeir lífeyrisþegar eru til bæði meðal eldri borgara og öryrkja sem ekkert hafa nema lífeyri frá almennatryggingum, eða svo litlar viðbótartekjur að þær hafa lítið sem ekkert að segja. Þeir aðilar þurfa að fá hækkun strax og því þurfa lífeyrisflokkar almennatrygginga að hækka samsvarendi og lægstu laun til að bæta hag þeirra sem þannig eru staddir. Þetta er spurning um forgangsröðun fjármuna ríkisins, þ.e. samfélagsins. Á ekki lífsafkoma fólks að vera réttþærri en að leggja nýja vegi og fjölga salernum um landið fyrir ferðamenn?

PANTAÐU BIÐPÓST FYRIR SUMARFRÍIÐ!

Með biðpósti sleppurðu við að pósturinn hlaðist upp heima hjá þér meðan þú ert í fríi.

Pantaðu biðpóst á www.postur.is eða á næsta pósthúsi og þú velur hvar pósturinn þinn biður eftir þér.

VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA www.postur.is

POSTURINN

HVÍTA HÚSÍÐ/SÍJA 13-1548

AEG

TILBOÐSDAGAR

20% afsláttur
af öllum **AEG** vörum í nokkra daga



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ormsson.is



ORMSSON

Greiðslukjör

Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------

MERKISATBURÐIR

- 632** Múhameð spámaður lést í borginni Medínu.
- 793** Víkingar réðust á Lindisfarne. Atburðurinn markar upphaf víkingaaldar.
- 1783** Skaftáreldar hófust. Í kjölfarið fylgdu móðuharðindin.
- 1949** George Orwell gaf út bók sína 1984.
- 1968** James Earl Ray var handtekinn fyrir morðið á Martin Luther King.
- 1984** Samkynhneigð var aflagpavædd í ástralska ríkinu Nýja Suður-Wales
- 1995** Styrktarsjóður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins var stofnaður til minningar um Þorstein Helga Ásgeirsson, en þann dag hefur Þorsteinn Helgi orðið 5 ára gamall.
- 2002** Falun Gong-hreyfingunni var neitað um landvistarleyfi hérlendis af ötta við mótmæli.

PETTA GERÐIST: 8. JÚNÍ 1949

Kommúnismi í BNA

Pennan dag árið 1949 gaf FBI í Bandaríkjunum út skýrslu þar sem taldir voru upp nokkrir Hollywood-leikarar sem taldir voru til kommúnista. Þessar upplýsingar áttu sinn þátt í því að auka þá móðursýki gagnvart kommúnisma sem réði ríkjum í Bandaríkjunum á fimmta og sjötta áratug tuttugustu aldar. Skýrslan byggði að mestu á upplýsingum frá nafnlausum heimildarmönnum. Þá var því einnig haldið fram að kommúnistaflokkurinn í Bandaríkjunum hefði með góðum árangri notað þjóðþekktar Hollywood-stjörnur til að ná fram markmiðum sínum. Skýrslan beindist að stórum hluta gegn Óskarsverðlaunahafanum Frederic March. March hafði gagnrýnt vaxandi kjarnorkubirgðir Bandaríkjanna auk þess sem hann vildi senda hjálpargögn til Rússlands, sem var illa farið eftir stríðið. Skýrslan var hluti af samfelldri herferð bandarískra stjórnvalda til að útmála Hollywood sem bæli kommúnista sem notuðu kvikmyndir til að útvíkka flokkslínu Sovétmanna.



FREDERIC MARCH



HVÍTABANDIÐ Peningar sem Hvítabandið safnaði í tilefni af 120 ára starfsafmæli góðgerðarsamtakanna renna til tólf barnafjölskyldna. Hver styrkur stendur þá fyrir hvern áratug í starfi samtakanna, sem voru stofnuð 17. apríl 1895. Meðal þess sem Hvítabandið hefur staðið fyrir á þessum tíma er bygging sjúkrahúss Hvítabandsins sem var vítt í febrúar 1934.

Styrktu tólf heimili til að fagna afmæli

Góðgerðarfélagið Hvítabandið er 120 ára í ár. Félagið gaf tólf fjölskyldum hundrað þúsund krónur hverri. Ein fjölskylda var styrkt fyrir hvern starfsáratug félagsins.

„Það merkilega við Hvítabandið er að það er líknarfélag og við söfnum sjálfar með sjálfboðaliðavinnu til líknarmálanna,“ segir Helga Ólafsdóttir, ritari Hvítabandsins. Hvítabandið er 120 ára í ár og hefur starfað óslitið allan þann tíma. Fyrir félagið starfa vaskar konur sem safna pening fyrir mannúðar- og líknarmál. Í dag starfa um fimmtíu konur fyrir félagið ásamt einum karlmanni. Hvítabandið var stofnað 17. apríl 1895 og fagnaði afmæli sínu með því að halda stóran hátíðarfund þar sem veittur var styrkur til bágstaddra fjölskyldna að upphæð 1,2 milljón króna. Það gera þúsund krónur fyrir hvert starfsár Hvítabandsins. Peningurinn rann til tólf barnafjölskyldna. Einnar fyrir hvern starfsáratug félagsins. Það má því segja að

styrkveiting Hvítabandsins hafi tekið ríkullegt tillit til afmælisins. „Það sem við gerðum á afmælinu var að styðja tólf heimili um hundrað þúsund krónur. Það átti að vera táknrænt,“ segir Helga. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, sem Hvítabandið er aðili að, var falið að koma gjöfunum áleiðis í hendur fjölskyldnanna. Aðspurð um afmælisárið segir Helga það hafa verið eins og flest önnur ár. Hvítabandið hefur í gegn um tíðina unnið að hinum ýmsu málum. Eitt stærsta verkefni sem samtökin hafa unnið að er bygging sjúkrahúss Hvítabandsins en það var vígt 18. febrúar 1934 og voru sjúkrarúmin 38 talsins. Sjúkrahúsið var fyrst rekið sem sjálfseignarstofnun en síðar gaf Hvítabandið Reykjavíkurborg húsið ásamt innanstokksmunum.

„Það sem við gerðum á afmælinu var að styðja tólf heimili um hundrað þúsund krónur. Það átti að vera táknrænt.“

Helga Ólafsdóttir, ritari Hvítabandsins

Göngudeild geðdeildar frá Landspítalanum fyrir fólk með átröskun er rekin þar í dag. Nú safnar félagið þó fé fyrir önnur verkefni. „Mikið af því rennur til dæmis til Dyngjunnar, áfangaheimilis fyrir konur sem hafa lokið áfengismedferð. Við styðjum Dyngjuna mjög vel en eins og þú getur ímyndað fær hún ekki mikið frá því opinbera,“ segir Helga. thorgnyr@frettabladid.is

†
Innilegar þakkir til ykkar allra, sem sýnduð okkur samúð vegna andláts elskulegs eiginmanns, föður, afa og langafa,
ERLINGS HELGASONAR
Samkennd ykkar er okkur mikils virði.
Þórunn Beinteinsdóttir og fjölskylda.



†
Elskulegur faðir, tengdafaðir, afa og langafi okkar,
MAGNÚS GUÐJÓNSSON
Stríkinu 4, Garðabæ,
verður jarðsönginn frá Laugarneskirkju föstudaginn 12. júní kl. 13.00.
Guðjón Magnússon Ólafur Magnússon Jóhann Magnússon
Tamara Suturina Valgerður Andrésdóttir
og fjölskyldur.



†
Faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,
PÉTUR EGGERTSSON
fyrirverandi pósthúlltrúi,
Fornhaga 15, Reykjavík,
verður jarðsönginn frá Áskirkju miðvikudaginn 10. júní kl. 13.00.
Halldór G. Pétursson Eggert Pétursson
Guðríður Gyða Eyjólfssdóttir Hulda Hjartardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
UNNUR HERBERTSDÓTTIR
frá Bægisá,
Stapasíðu 10, Akureyri,
lést í faðmi fjölskyldu sinnar 26. maí á Sjúkrahúsi Akureyrar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 12. júní kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta lyflækningadeild Sjúkrahúss Akureyrar njóta þess.
Þorsteinn Baldursson Ingimar Þór Baldursson Birgir Baldursson Unnur Erna Ingimarsdóttir
Ceniza Íris Baldursson Hilmar Þór Pálsson
ömmu- og langömmubörn.



Verkið er liðlega 1.900 blaðsíður

Forseta Íslands var afhent fyrsta bindið af Sögu Garðabæjar um helgina:

Nýútkomið fjögurra binda verk, Saga Garðabæjar, fer í almenna dreifingu í haust, en núna um helgina var Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, afhent á Bessastöðum fyrsta eintakið af verkinu. Í verkinu, sem telur liðlega 1.900 blaðsíður, er að finna fjölmargar ljósmyndir af fólki, byggð og náttúrufari. „Í fyrsta bindinu er rakin saga Álfaneshrepps hins forna allt frá landnámi; annað bindið lýsir því hvernig sveitahreppur þróaðist í þéttbýli; þriðja bindið fjallar um það hvernig þessi vaxandi kaupstaður blómstrar og stækkar og fjórða bindið lýsir einstæðu náttúrufari sveitarfélagsins og rekur jafnframt sögu Vífilsstaða, sem kallað var Borgriki vonarinnar,“ að því er segir í tilkynningu sveitarfélagsins. Í inngangi Sögu Garðabæjar segir höfundur verksins, Steinar J. Lúðvíksson, að Garðabær nútímans sé glögg birtingarmynd þeirra breytinga sem orðið hafi á Íslandi á síðustu einni og hálfri öld, sem í raun sé hægt að kalla þjóðlífsbyltingu og táknmynd þess hvernig þjóðin hafi sótt úr eynd og fátækt til efna og velsældar. Í ávarpi Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra Garðabæjar, sagði hann verkið hafa mikið gildi fyrir sveitarfélagið, að saga þess væri skráð og varðveitt „Bæði til þess að við skiljum betur aðstæður og líf þeirra sem bjuggu hér á undan okkur og til að við getum lært af sögunni og séð hvernig hún mótar líf, aðstæður og jafnvel hugsunarhátt okkar sem búum hér í dag,“ sagði hann.



Á BESSASTÖÐUM Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, afhendir Ólafi Ragnari Grímssyni forseta fyrsta eintakið af Sögu Garðabæjar.



Tilnefnd

Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir og Þórunn Árnadóttir eru tilnefndar til norræna hönnunarverðlauna. Vinningshafinn fær 50.000 sænskar krónur í verðlaun og bás á Formex-sýningunni næsta vor.

SÍÐA 2



Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

KAKTUSINN SEM KEMUR ÞÉR Í FORM

BALSAM KYNNIR *Caralluma fimbriata* frá Natural Health Labs. *Caralluma* kemur jafnvægi á hið vel þekktu svengdarhormón „ghrelin“ sem er oft í of miklu magni í líkamanum og kallar á ofát, sætuþörf og löngun í óhollustu.

Svana Ingvaldsdóttir er menntaður hómópati og rekur vefsíðuna Heilsulausn.is, þar sem hún býður upp á ýmsar meðferðir og valin bætiefni. „Heilsan hefur alltaf skipt mig gríðarlega miklu máli.“

MIÐLAR REYNSLUNNI

Svana hefur starfað sem hómópati í yfir 10 ár og miðlar reynslu sinni og þekkingu á vefsíðu sinni. „Almenningur á að hafa val um hvaða leið hann fer þegar kemur að heilsunni, og geta ákveðið sjálfur hvernig meðferð hann vill fá,“ að mati Svönu.

OF ÞUNG Í TÍU ÁR

„Ég reyni að vera með reglu á mataræðinu, en mér finnst rosalega gott að borða góðan mat. Það má ekki líta af sér í augnblik og þá er voðinn vís, það virðist nú bara vera þannig,“ segir Svana og brosir.

FINNUR MUN Á MITTINU

Svana hefur tekið *Caralluma* í tvo mánuði og segist finna mikinn mun á sér nú þegar. „Mér finnst líkaminn vera í miklu betra jafnvægi. Matarlöngun og nart milli mála minnkaði strax og magaþemba hvarf. Það sem kom mér mest á óvart er hvað blóðsykurinn jafnaðast fljótt út, maginn varð miklu rólegri, og ég er mun orkumeiri og með jafnari orku en vanalega.“

VISSIR ÞÚ..

... að í mörg hundruð ár hefur það verið hefð innfæddra í Afríku að nýta *Caralluma* í matarforða þegar haldið er í langar veiðiferðir í eyðimörkinni því *Caralluma* kemur jafnvægi á svengdarhormónið „ghrelin“?



MÆLIR MEÐ Svana Ingvaldsdóttir, hómópati hjá Heilsulausn.is, mælir eindregið með *Caralluma* fyrir þá sem vilja koma sér í form.



100% NÁTTÚRULEGUR KAKTUS

Rannsóknir sýna að *Caralluma* hindrar fitumyndun með því að hamla virkni ensímisins „citrate lyase“ sem gegnir lykilhlutverki í myndun og uppbyggingu fituframna. *Caralluma* hamlar jafnframt virkni ensímisins „Malonyl Coenzyme A“, sem kemur í veg fyrir myndun fituframna og eykur brennslu líkamans.

RÁÐLÖGÐ NOTKUN

Taktu tvö grænmetishylki með vatnsglasi u.b.p. 30 mínútur fyrir morgunmat og tvö hylki fyrir hádegismat.

100% NÁTTÚRULEGT
Bætiefnið er unnið úr kaktus sem vex villtur í eyðimörkum Indlands og Afríku og er 100% náttúrulegt, inniheldur engin rotvarnarefni og er framleitt eftir ströngustu gæðakröfum (GMP-vottað).

SÖLUSTADIR

Fáanlegt í öllum helstu apótekum landsins, Lifandi markaði, Fjarðarkaupum, Heilsuhorninu Blómavali, Heilsuveri, Heilsulausn.is og Heimkaupum.



Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

TUDOR SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

FEYDOM

RAÐAÐU SAMAN ÞÍNUM EIGIN SVEFNSÓFA

Það nýjasta í dag... einingar sem hægt er að raða saman á ótal vegu Breyttu, bættu við eða stækkaðu svefnsófann. Sterkt áklæði sem auðvelt er að þrifa - Margar gerðir og litir.

BONBONS S
2 grunneingar: 4 sæta sófi/
tvöfalt rúm með 2 þúðum /
kotta kr. 169.950.- ▼

FAYDOM BONBON M kr. 229.900.- ▲
KÍKTU Á FEYDOM.COM OG SJÁÐU MÖGULEIKANANA



12 mán.
vaxtalaugar
greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



NÝ TT
EVA kr. 22.500



MIST KLUKKA kr. 9.980



NÝ TT
NOHO SÓFI - 219 CM kr. 199.800

2 SAMAN Í SETTI



BAMBOO kr. 36.400



PORGY kr. 17.700



NÝ TT
CALVIN TUNGUSÓFI 269X153 cm kr. 227.400



NÝ TT
LAFAYETTE kr. 93.800



NÝ TT
FRÁ KR. 4.900
FRÁBÆRT ÚRVAL AF PÚÐUM

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - Sími 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

TILNEFNDAR TIL VERÐLAUNA

ÍSLENSK HÖNNUN Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir og Þórunn Árnadóttir eru tilnefndar til norrænna hönnunarverðlauna. Vinningshafinn fær 50.000 sænskar krónur í verðlaun og bás á Formex-sýningunni næsta vor.

Tveir íslenskir vöruhönnuðir eru tilnefndir til Formex Nova-verðlaunanna, norræn hönnuður ársins í ár (Formex Nova Nordic Designer of the Year Award), þær Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir og Þórunn Árnadóttir.

Verðlaunin nema 50.000 sænskum krónum auk réttar til þátttöku í Formex-hönnunarsýningunni næsta vor. Verk þeirra sem tilnefndir eru verða einnig sýnd á haustsýningu Formex í ágúst og þá verður tilkynnt um sigurvegara keppinnar.

Báðar hafa þær Ragnheiður og Þórunn vakið athygli fyrir hönnun sína sem komin er á markað víða um heim.

Meðal annars hafa þær báðar þurft að eiga við að eftirlíkingar hafi verið gerðar af vörum þeirra.

Tilnefningin er mikill heiður segja þær báðar og viðurkenning á því sem þær eru að gera.

„Notknot-púðarnir vöktu athygli útsendara dómnefndarinnar á sýningunni We Live Here, sem sett var upp á hönnunarmessunni í Stokkhólmi í febrúar. Þetta er skemmtilegt og mjög góð kynning,“ segir Ragnheiður. „Formex-sýningin hefur verið við lýði í áratugi og margir sem sækja hana,“ bætir hún við en á sýningunni eru um 850 sýnendur og hana sækja um 23.000 kaupendur og framleiðendur í hönnunarbransanum um allan heim og yfir 850 fulltrúar ýmissa fjölmiðla. Keppnin sjálf um titilinn hönnuður ársins hefur verið haldin undanfarin fimm ár.

„Þetta er frábær viðurkenning,“ segir Þórunn. „Það vill svo til að ég var þegar komin inn á Formex-sýninguna í haust með bás þegar þau höfðu samband vegna tilnefningarinnar. Ég verð því með Pyropet-kertin og að auki eitthvað annað á sýningunni,“ segir Þórunn sem þessar vikurnar vinnur að viðbót í kertalínuna. „Ég er að fara aftur af stað eftir fæðingarorlof en er að bæta í Pyropet og í Shipohoj-lína sem ég vinn með netagerð á Eskifirði.“

Einnig er von á nýjum vörum frá Ragnheiði. „Ég er að leggja lokahönd á línu kertastjaka. Hún fer í framleiðslu fljótlega og kemur vonandi á markaðinn fyrir júl,“ segir Ragnheiður.



PYROPET Von er á viðbót í kertalínuna Pyropet eftir Þórunni.



NOTKNOT Púðana vinnur Ragnheiður út frá hnútum.



HEIÐUR Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður tekur þátt í Formex-sýningunni í ágúst en hún er tilnefnd ásamt Ragnheiði til verðlauna. MYND/ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR



VIÐURKENNING Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður hefur vakið athygli fyrir hönnun sína. MYND/RAGNAR FREYR

Auk Ragnheiðar og Þórunnar eru tilnefndir til verðlaunanna: Masayoshi Oya, Erik Olovsson og Kyuhyung Cho frá Svíþjóð og Rosa Tolnow Clausen frá Danmörku.

Nánar má forvitnast um sýninguna á www.formex.se.

Garðtraktorar

Mikið úrval garðtactora og ásetusláttuvéla



Cub Cadet

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985



GULL BYLGJAN

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Bryndís Hauksdóttir,
bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson,
jonivar@365.is, s. 512 5429

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



TILKYNNIA ÖVDEIGANDI Eða ÖLOGLEGT EFTIR Á NETINU

S A F T I



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali



Finnbogi Hilmarrson
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulltrúi



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð



Brynjólfur Snorrason
sölufulltrúi



Karen Sævarsdóttir
MBA markaðsfræði



Gunnlaugur A. Björnsson
sölufulltrúi



Hjálmar Már Kristinsson
sölufulltrúi



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Vantar þig 4ra herbergja íbúð?

Hamravík 28



Stærð: 124,3 fm, 3- hæð
Sérinnangangur, Verð: 34,9 milj.

Lindarsmári 35



Stærð: 113 fm, 2- hæð
Lykil á skrifst, Verð: 35,5 milj.

Ásakór 1



Stærð: 159,1 fm, 4- hæð, lyfta.
Bílskúr 25,5 fm. Verð: 41,9 milj.

Hlynsalir 5-7



Stærð: 119,1 fm, 2- hæð, lyfta, stæði í
bílageymslu. Verð: 34,9 milj.



Allar uppl. um eignirnar veitir Heiðar lögg. fast. í s: 693-3356 eða heidar@valholl.is

Einbýli á einni hæð við Lækjarfit í Garðabæ

Fasteignasalan Landmark hefur til sölu glæsilegt einbýlishús við Lækjarfit í Garðabæ.

Húsið er 270,9 fm, átta herbergja einbýlishús á einni hæð. Afar vandaðar innréttingar og gólfefni. 5 svefnherbergi og 2 baðherbergi. Eignin er staðsteypt og klædd að utan með áli. Lóð er fullfrágengin og bílskúrinn 53,2 fm. Stutt er í skóla og alla þjónustu. Verönd er hellulögð og með heitum potti.

Eldhús er glæsilega innréttað og með vönduðum tækjum. Eldunareyja með granítborðplötu og spanhelluborði. Borð fyrir 8 er fast við eldunareyjuna.

Stofa og borðstofa eru afar rúm- góðar og bjartar með uppteknu lofti með innfelldri lýsingu. Gegnheilt hnotuparket á gólfi. Þaðan er útgengt á veröndina.

Sjónvarpsholið er rúmgott.



Húsið er glæsilegt að innan sem utan.

Svefnherbergin eru fimm, þar af fjögur með fataskápum en fataherbergi er inn af hjónaherbergi. Baðherbergi er rúmgott. Flísar á gólfi og veggjum. Flísalagður sturtuklefi og hornbaðkar. Falleg innrétting í kringum 2 handlaugar. Þaðan er einnig útgengt á veröndina.

Á gestasnyrtingu eru flísar á

gólfi og veggjum og sturtuklefi. Þvottahúsið er afar vel innréttað, þvottavél og þurrkari í vinnu- hæð og skolvaskur í borði. Útgenget í garðinn og innangengt í bílskúr sem er 53,2 fm. og fullfrágenginn. Sjálfvirkur hurðaoopnari á bílskúrshurð.

Snyrtilegt geymslu loft er yfir húsinu.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Gerðhamrar 14 - 112 Reykjavík



Mjög glæsileg og mikið endurnýjuð 183 m² efri sérhæð með innbyggðum bílskúr við Gerðhamra 14 í Grafarvogi. Falleg afgirt lóð með verönd og heitum potti. Stórt steipt bílastæði og rúmgóðar svalir með fallegu útsýni. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, baðherbergi, gestasnyrtingu, fataherbergi, forstofu, eldhús, stofu og borðstofu. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni. **V. 54,9 m.**

Fannafold 190 - 112 Reykjavík



baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. **V. 44,7 m.**

Langalína 7 - 210 Garðabæ



notagarður þar af 33m² viðarpallur í vestur. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofugang, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Fallegar innréttingar og gólfefni. **V. 39,9 m.**

Flúðasel 63 - 109 Reykjavík



Laus strax

5 herbergja, 109,0 fm, íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílastæði í bílageymslu við Flúðasel í Reykjavík. **V. 27,5 m.**

Torfufell 31 - 111 Reykjavík



Laus strax

3 herbergja, 79,8 fm, íbúð á 4 hæð í fjölbýlishúsi við Torfufell í Reykjavík. Tvö svefnherbergi. Eldhús með borðkrók. Hol. Baðherbergi. Stofa með útgengi á lokaðar svalir. **V. 19,9 m**

Ögurharf 4 - 203 Kópavogur



Laus strax

Vorum að fá í sölu tvö 180,4 m² skrifstofuhúsnæði á 2. hæð. Hægt er að sameina í eitt 360,8 m². Flottur frágangur. Steinteppi á gólfum. Kerfisloft með góðri lýsingu. Eldhús- of baðinnrétting frá GKS. Strímlagar- dínur í gluggum. Síma- og tölvuteng- lar. Lyfta er í húsinu. **V. 180,4 m² = 32,8 m. V. 360,8 m² = 64,5 m.**

Kvíslartunga 49 - 270 Mosfellsbær



181,5 m² parhús á einni hæð, tilbúið til innréttinga, við Kvíslartungu 49 í Mosfellsbæ. Birt stærð eignarinnar er 181,5 m², þar af er íbúð 140,7 m² og sambyg- gður bílskúr 40,8 m². Eignin afhendist tilbúin til innréttinga. **V. 39,5 m.**

Tröllakór 2-4 - 203 Kópavogur



Mjög falleg 113,1 m², 3ja herbergja íbúð á efstu hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í fjögurra hæða lyftuhúsi. Suðursvalir með fallegu útsýni. Fallegar innréttingar, granít sólbekki og granít borðplötur í eldhúsi og á baði. Innbyg- gður ísskápur og uppþvottavél er í innréttingu. **V. 32,7 m.**

Bugðutangi 2 - 270 Mosfellsbær



Laus strax

Fallegt 319,6 m² einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og tvöföldum bílskúr. Skjólögður og gróinn garður með stórrí timburverönd í suðvestur. **V. 64,9 m.**

Prastarhöfði 2 - 270 Mosfellsbær



OPIÐ HÚS

Opið hús þriðjudaginn 9. júní frá kl. 17:30 til 18:00

Mjög falleg 129,2 m², 5 herb. endaíbúð á jarðhæð ásamt bílastæði í bílakjallara í 3ja hæða fjölbýli. Afgirt timburverönd í vestur. Fjögur góð svefnherbergi. Fallegar innréttingar og gólfefni. Gott skipulag. Frábær staðsetning rétt við skóla, leikskóla, sundlaug, World Class og er golfvöllur í næsta nágrenni.

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

NAUSTAVÖR 2-8 – KÓPAVOGI NÝJAR ÍBÚÐIR Í BRYGGJUHFVERFINU Í KÓPAVOGI.

- Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör.
- Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 83,1 fm. upp í 140,7 fm. og verða með vonduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vonduðum AEG eldhústækjum.
- Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum.
- Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.



Goðatún – Garðabæ.



Virkilega fallett og vel skipulagt 203,1 fm. einbýlishús vel staðsett innst í götu auk baðhúss á baklóð og stórrar útigeymslu.

Miklar og skjólgóðar verandir eru á framlóð hússins og baklóð hússins er öll afgirt með viðar- og hellulagðri verönd með heitum potti. Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanförunum árum, m.a. eldhúsinnrétting, baðherbergi o.fl. Eignin er byggð á vandaðan máta og eru innihurðir og hluti loftaklæðninga úr tekki.

Verð 59,9 millj.

Einbýlishús á bökkum Ytri – Rangá- Frábær staðsetning



Afar vel staðsett 246,6 fm. einbýlishús á einni hæð við Þrúðvang á Helli að meðtöldum 53,2 fm. bílskúr. Húsið er allt endurnýjað að innan sem utan. Rúmgöð stofa með útgengi í sólstofu. Fjögur herbergi. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu. Lóðin er eignarlóð 1.000,0 fermetrar að stærð, ræktuð og frágengin með stórri viðarverönd. Hellulögn er fyrir framan bílskúr og hús.

